VELKOMIN Á LANDSMÓT
OPIÐ TIL KL. 01 EFTIR MIÐNÆTTI ALLA HELGINA
50% AFSLÁTTUR AF NAMMIBARNUM ALLA HELGINA
HAMRABORG EHF.
HAFNARSTRÆTI 7
SÍMI 456 3166

ÓNÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 30. júlí 2003 • 30. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Ísafjörður

Hundur beit barn

Hundur í bandi beit ellefu ára gamalt barn neðarlega á Eyrinni á Ísafirði á föstudagskvöld með þeim afleiðingum að barnið hlaut einhverja áverka á læri.

Lögreglu var tilkynnt um þetta seinni part dags og yfirheyrðu lögreglumenn eiganda hundsins. Þá var maður tekinn á Silfutorgi á Ísafirði grunaður um ölvun við akstur aðfaranótt sunnudags, en að öðru leyti var liðin helgi tíðindalítil fyrir lögreglumenn á Ísafirði. *– halfdan@bb.is*



Fjörutíu kajakræðarar mynduðu „stjörnu“ á Pollinum á Ísafirði á sunnudag en sú uppákoma var hluti af lokadagskrá Siglingadaga sem staðið hafa yfir á Ísafirði og nágrenni undanfarna viku. Aldrei hafa fleiri kajakræðarar myndað jafn stóra stjörnu hérlendis á sjó. Ljósmynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Dýrafjörður

Féll af hestbaki

Níu ára stúlka féll af hestbaki við bæinn Höfða í Dýrafirði á níunda tímanum á föstudagskvöld. Hún var flutt með sjúkrabíl á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Stúlkan var með hópi hestamanna sem voru á leið á hestamannamót sem hófst á Söndum, utan við Þingeyri, í Dýrafirði á laugardagskvöld. Stúlkan var með hjálm á höfðinu og brotnaði hann við fallið.

Þverun Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi

Ekki sögð valda umtalsverðum umhverfisáhrifum

Vegagerðin hefur birt skýrslu um mat á umhverfisáhrifum breytinga á Djúpvegi frá Hörtná í Mjóafirði að Eyrarhlíð í Ísafirði. Fjallað er um fjórar leiðir við framkvæmdina þ.e. óbreyttan veg, jarðgöng undir Eyrarfjall, nýjan veg yfir Eyrarfjall í stað Hestakleifar og þverun Mjóafjarðar. Skýrslan var unnin af sérfræðingum Vegagerðarinnar og Náttúrustofu Vestfjarða sem komust að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Vegagerðin álítur þverun Mjóafjarðar hagkvæmustu leiðina af fjórum áðurnefndum kostum.

Skýrsluhöfundar telja til neikvæðra þátta framkvæmdarinnar að hún muni valda minniháttar breytingum á gróðurfari og dýralífi. Til kosta hennar er talin umtalsverð minnkun á eldsneytisnotkun og útblæstri auk þess sem ónæði af völdum umferðarhávaða muni minnka vegna betra og jafnara yfirborðs vegarins.

Skýrsluhöfundar segja að fornleifum stafi lítil hætta af framkvæmdunum. Gróður verði fyrir meira raski ef farið verði yfir Eyrarfjall en ef Mjóifjörður verði þveraður. Í heild verði áhrif á fuglalíf lítil við þverunina en umtalsvert jarðrask verði á leirum og birkiskógi sem gætu haft nokkur áhrif á fuglalíf ef farið verði yfir Eyrarfjall.

Fjórir valkostir eru til staðar við þverun Mjóafjarðar, þar á meðal að fara fyrir Reykjafjörð í stað þess að fara yfir hann. Skýrsluhöfundar segja þær fjörugerðir sem raskist við þverun Mjóa- og Reykjafjarða vera algengar á Vestfjörðum. Framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á botndýralíf þar sem fjölbreytni er lítil þar.

Við framkvæmdina munu siglingar leggjast af inn á Reykjafjörð en minni bátar komist inn á Mjóafjörð. Rækjuveiði í Mjóafirði muni minnka verulega eða leggjast af.

Skýrsla sérfræðinganna er mikil að vöxtum en þar er farið ítarlega yfir þá valkosti sem til athugunar eru fyrir nýjan veg og áhrif þeirra á umhverfið. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar.

SAMKAUP
OPIÐ:
Virka daga kl. 09 - 21
Laugardaga kl. 10 - 21
Sunnudaga kl. 12 - 21
Verið velkomin!
SAMKAUP
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP

ÚTGÁFAN

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
Blaðamenn:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Hálfdán Bjarki Hálfdánsson
sími 863 7655
hafldan@bb.is
Ritstjóri netútgáfu:
Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is
Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: ***Bolungarvík:*** Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. ***Súðavík:*** Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106. ***Suðureyri:*** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 898 6328. ***Flateyri:*** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. ***Þingeyri:*** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði: ***Hamraborg***, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. ***Flugbarinn***, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. ***Bónus***, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. ***Bókhlaðan***, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. ***Bensínstöðin***, Hafnarstræti, sími 456 3574. ***Samkaup,*** Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. ***Krílið***, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Fulltrúar heimamanna í UMFB. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Vestfjarðamót Shell og UMFB í knattspyrnu

Á þriðja hundrað keppendur mættu til leiks

Um 220 keppendur léku ríflega 60 knattspyrnuleiki á árlegu Vestfjarðamóti Shell og UMFB sem haldið var í Bolungarvík, í blíðskaparveðri á laugardag. Mótið er fyrir 3. til 7. flokk karla og kvenna en í þeim flokkum leika ungmenni 15 ára og yngri.

Sólveig Sigurðardóttir, formaður foreldrafélags yngri flokka knattspyrnu hjá UMFB, segir keppendur hafa komið frá Ísafirði, Bolungarvík, Tálknafirði og Blönduósi en að auki hafi HK í Kópavogi sent eitt lið til keppni. „Þetta var alveg meiriháttar. Í fyrra var grenjandi rigning en nú mætti fólk með sólstóla á völlinn og lá í sólbaði“, segir Sólveig. Mótinu lauk með grillveislu þar sem öllum á fótboltasvæðinu var boðið. Einnig var þátttakendum boðið frítt í sundlaugina sem var opin til kl. 20 um kvöldið.

„Við vorum hrædd um að missa þátttöku að þessu sinni út af Unglingalandsmóti UMFÍ en sú varð ekki raunin. T.d. ætlar hópurinn frá Blöndusi að vera á ferðalagi um Vestfirði í vikunni og mæta svo aftur á landsmótið um næstu helgi.

Það var ekki annað að heyra en fólk væri ánægt með daginn. HK-menn stefna t.d. á að senda stærri hóp næst“, sagði Sólveig Sigurðardóttir í samtali við blaðið.

kristinn@bb.is

Frá Vigur.

Vigur í Ísafjarðardjúpi

Lundaveiðin gengur vel

Lundaveiðin gengur vel hjá bændunum á félagsbúinu í Vigur í Ísafjarðardjúpi. Salvar Baldursson segir veiðitímann vera um 4 til 5 vikur og yfirleitt gangi best í lok júlí.

„Annars fer þetta allt eftir veðri, maður verður að hafa einhvern vind til að veiða hann“, segir Salvar en lundinn er háfaður á flugi. Lundinn yfirgefur eyjuna í ágúst og sést ekki aftur fyrr en í lok apríl. Hann telur fjölda fugla í eyjunni svipaðan og verið hefur. Stofninn í Vigur sé stór og viðgangur hans góður eins og víðast hvar. „Það er nóg af þessu, lundinn er allavega ekki í neinni útrýmingarhættu eins og sagt er með rjúpuna“, segir Salvar.

Félagsbúið selur töluvert af lunda. „Það eru bæði einstaklingar, mötuneyti og verslanir sem kaupa af okkur. Þetta er gott og fitulaust kjöt. Hann er til sölu í Samkaup á Ísafirði en það er líka mikið um að einstaklingar alls staðar af landinu panti hjá okkur lunda“, sagði Salvar.

kristinn@bb.is

Mikill viðbúnaður verslana vegna unglingalandsmóts UMFÍ

Verslanir opnar fram á nótt

Búist er við því að lager vínbúðarinnar á Ísafirði verði þre- eða fjórfaldaður fyrir komandi helgi, en eins og margsagt hefur verið frá hér á vefnum er búist við miklum fjölda gesta á unglingalandsmót UMFÍ.

„Við erum búin að spá í þetta síðustu vikuna eða svo. Við vitum að það var 100% aukning í sölu á Stykkishólmi í fyrra og við erum að reyna að komast yfir frekari upplýsingar. Við höfum ekki alveg frjálsar hendur með lagerinn en reynum að auka við okkur, sérstaklega í bjór og léttvíni í kassaumbúðum, svokölluðu útileguvíni“, segir Sigríður Bragadóttir, verslunarstjóri í vínbúðinni á Ísafirði. Aðspurð segir hún starfsmenn verslunarinnar engu ráða um opnunartíma og verður hann óbreyttur.

Vínbúðin er langt í frá eina verslunin á Ísafirði sem hefur viðbúnað vegna helgarinnar. „Við verðum tilbúnir“, segir Gísli Úlfarsson, framkvæmdastjóri Hamraborgar. „Við vöknum fyrir allar aldir og opnum klukkan sjö á morgnana og lokum ekki fyrr en kl. eitt um nóttu. Við stækkum lagerinn og sjáum til þess að menn hafi nóg að borða og drekka. Við lofum því að allir fari saddir og sælir frá okkur.“

Í Samkaupum eru gerðar svipaðar ráðstafanir. „Við lengjum opnunartímann og höfum opið frá níu að morgni fram til miðnættis frá fimmtudegi fram á sunnudag. Þá stækkum við lagerinn og bætum sérstaklega við alla ferskvöru“, segir Haukur Benediktsson í Samkaupum.

bb.is
púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Með réttu hugarfari

Hvernig má það vera að meðal þjóðar sem að eigin mati er í toppsæti í flestum þáttum mannlífs, í samanburði við aðrar þjóðir, skuli nánast allir fyllast skelfingu þegar þeim verður hugsað til umferðarinnar á vegum úti um verslunarmannahelgina? Verslunarmannahelgin kemur engum á óvart. Hún er á sínum stað á dagatalinu ár eftir ár eins og aðrir dagar, sem þjóðin nýtir til að gera sér dagamun með mismunandi hætti.

Hvers vegna grípur þessi ótti þá um sig? Hvers vegna fyllast foreldrar unglinga á „útisamkomualdri“ kvíða? Er það bitur reynsla undanfarinna ára, sem veldur því að viðvörunarbjöllur glymja í hverju horni fyrir helgina, sem trjónar í efsta sæti, hvort heldur um er að ræða umferð, slys eða miður fallegar nafngiftir, sem tengjast hegðan fólks þessa daga í gegnum árin.

Víst er að hugarfarið „það kemur ekkert fyrir mig“ verður æ meira og meira áberandi í umferðinni. Ef til vill finnst mörgum sem svo, að sérhver ökumaður ráði eigin örlögum. Hvað sem afstöðunni til þess viðhorfs líður er ljóst, að það hefur enginn leyfi til að leika sér að lífi annarra. Bílar á vegum úti eru ekki leikföng líkt og í tölvuleik þar sem alltaf er hægt að byrja upp á nýtt þegar búið er að klessa. Prófskírteinið eitt og sér segir ekkert til um hæfni ökumanns. Þótt ekki sé til eftirbreytni vitnar sérkennileg uppákoma liðlega sjötugs „ökuþórs“ í Kaupmannahöfn nýverið þar um! Þeim fjölgar sem láta lögin um notkun síma undir stýri, án tiltekins búnaðar, lönd og leið. Ljótt að heyra að atvinnubílstjórar séu þar fremstir í flokki. „Ég slepp örugglega“ viðhorfið virðist innbyggt í fjölda íslenskra ökumanna. Símanotkun og hraðakstur bera því vitni.

Enn eitt áhyggjuefnið er gífurleg aukning bíla með tjaldvagna og hjólhýsi í eftirdragi. Það verður að segjast eins og er að stór hluti þeirra, sem þarna eru á ferð, eru ekki í stakk búnir til að takast á við verkefnið. Mörgu er ábótavant: Bifreiðin oft of lítil, búnaður hennar og eða aftaní vagnsins ekki í samræmi við lög, ekillinn ekki vandanum vaxinn. Að ógleymdu mismunandi ástandi vega, sem trekk í trekk kemur ökumönnum í opna skjöldu. Þegar allt þetta fer saman er ekki von á góðu.

Fleiri en nokkru sinni áður leggja nú leið sína til Ísafjarðar í tengslum við unglingamót UMFÍ. Bæjarins besta fagnar komu þeirra og býður alla velkomna til Vestfjarða. Megi allt það fólk sem hingað kemur eiga hér góða daga og farsæla heimför að dvöl lokinni.

Höldum út á þjóðveginn með jákvæðu hugarfari og umburðarlyndi og það eina markmið að leiðarljósi, að koma aftur heim, heil á húfi.

s.h.

Einstakt - Í fyrsta skipti á Vestfjörðum

VERKSMIÐJUSALA

beint frá Kína á hinum þekktu

UN ICELAND skóm - Stærðir frá 28-45

Verður í Félagsheimilinu í Hnífsdal

frá fimmtud. 31. júlí

til og með þriðjud. 5. ágúst.

Opið daglega frá kl. 11-20

VERÐDÆMI

FERRARI

St. 28-35: Verð kr. 2.000,-

St. 36-46: Verð kr. 2.500,-

SPIDER

St. 28-35: Verð kr. 2.500,-

St. 36-46: Verð kr. 3.000,-

AL PACINO

St. 28-35: Verð kr. 2.000,-

St. 36-46: Verð kr. 2.500,-

MAGGIE

St. 31-41: Verð kr. 2.000,-

MAGGIE 04

St. 31-41: Verð kr. 2.500,-

UN ICELAND

Unglingalandsmót UMFÍ

Stanslaust fjör

Ísafirði um verslunarmannahelgina

Ókeypis útihátíð
- án vímuefna

www.ulm.is

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Bjartsýni í atvinnulífi Ísafjarðarbæjar en ekki búist við fjölgun starfa

Tæplega þriðjungur fyrirtækja með betri verkefnastöðu

Samkvæmt nýútkominni atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ sem Netheimar unnu fyrir atvinnumálanefnd bæjarins eru horfur næsta árs betri en á yfirstandandi ári hjá 30% fyrirtækja sem svöruðu könnuninni, 49% telja horfurnar svipaðar en 21% telja þær lakari. Þegar spurt var hvort velta fyrirtækisins hafi breyst síðustu tvö ár segja 55% svarenda hana hafa aukist, 26% segja hana óbreytta en hjá 19% fyrirtækja hefur hún minnkað. Tæpur þriðjungur segir verkefnastöðuna betri en fyrir ári, 47% segja hana óbreytta en hjá 22% svarenda hefur hún versnað.

Þrátt fyrir þessi jákvæðu teikn lítur ekki út fyrir að störfum muni fjölga í sveitarfélaginu en 64% svarenda telja starfsmannafjölda verða óbreyttan, 19% gera ráð fyrir fækkun en einungis 17% gera ráð fyrir fjölgun starfsmanna. Þegar spurt er hvort erfitt hafi verið að fá fólk til starfa segja 81% svarenda að svo hafi ekki verið en 19% hafa lent í erfiðleikum með að manna stöður. Af þeim vantaði 44% ófaglært starfsfólk, 18% leituðu að iðnmenntuðum starfskrafti og jafn margir eftir öðru sérhæfðu starfsfólki en 20% svarenda sóttust eftir háskólamenntuðu starfsfólki.

Jafn mörg fyrirtæki skiluðu tapi og voru rekin með hagnaði eða 38% svarenda en 24% þeirra segja fyrirtæki sitt rekið á núlli.

Athygli vekur að 20% svarenda sögðu skort á sérhæfðu starfsfólki hafa neikvæðust áhrif á reksturinn, 15% töldu flutningskostnað og samgöngur hafa neikvæðust áhrif og jafnmargir nefndu gengisþróun. Aðeins 2% nefndu aðgengi að fjármagni undir þessum lið en 14% töldu opinber gjöld og álögur hamla rekstrinum. Rúmur þriðjungur nefndi ýmsa aðra þætti til sögunnar.

Atvinnumálanefnd ákvað í febrúar að láta gera könnunina en upplýsingar um stöðu atvinnulífssins höfðu ekki legið fyrir. Netheimum ehf á Ísafirði var falin framkvæmd og úrvinnsla hennar í samráði við Atvinnumálafulltrúa Ísafjarðarbæjar og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

Könnunin var gerð rafrænt en einnig gafst kostur á svara henni skriflega. Könnunin náði til 396 rekstraraðila en einungis bárust svör frá rúmum þriðjungi þeirra eða 103. Af þessum 296 aðilum voru 84 með rekstur skráðan á eigin kennitölu, flestir í starfandi í landbúnaði eða útgerð.

Sérstök áhersla var lögð á að stærri fyrirtæki og opinberir aðilar tæku þátt í könnuninni og fékkst 95% svörun þeirra. Heilarfjöldi starfsmanna hjá þeim sem tóku þátt í könnuninni var 1.730 í rúmlega 1.440 stöðugildum og telja skýrsluhöfundar að því nái könnunin til vinnuveitenda 80-85% af heildarfjölda á vinnumarkaði í bæjarfélaginu.

Skýrsluhöfundar telja æskilegt að svörun hefði verið betri en benda á að í sambærilegri könnun sem framkvæmd var á síðasta ári á vegum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar var svarhlutfall mun lakara eða um 14%.

– kristinn@bb.is

Talsverður viðbúnaður hjá lögreglunni á Ísafirði um næstu helgi

Njóta aðstoðar nágranna sinna við eftirlit og störf

Talsverður viðbúnaður verður hjá lögreglunni á Ísafirði um komandi verslunarmannahelgi vegna unglingalandsmóts UMFÍ. Lögreglumenn á Ísafirði munu njóta aðstoðar kollega sinna í Bolungarvík og á Patreksfirði, auk þess sem ríkislögreglustjóri sendir bifreið vestur.

„Við búumst við því að fólk byrji að koma á miðvikudag, en auk landsmótsins verður hátíðin Rokk og reykur á Flateyri“, segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði. „Venjulega eru tveir menn á vakt frá klukkan 2 til klukkan 14, en frá miðvikudegi og fram á mánudag verða að lágmarki þrír menn á vakt á morgnana. Þá verða kvöld og næturvaktir styrktar. Allur okkar mannskapur verður úti og við munum fylgjast vel með umferðinni“, segir Önundur og biður ökumenn að fara eftir settum reglum nú sem áður.

Mikill kostnaður hlýst af þessum aukna viðbúnaði og er hann áætlaður um ein og hálf milljón króna. Sýslumaðurinn á Ísafirði innheimtir um þriðjung þess af Ungmennafélagi Íslands og ríkir nokkur óánægja með þá innheimtu.

„Þetta er bara sá kostnaður sem hlýst af því að fá allt þetta fólk í bæinn. Við viljum tryggja að við getum brugðist við öllu sem upp á kemur“, segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísafirði. „Við erum með sveigjanlegt kerfi og endanlegur kostnaður ræðst af því hversu mikinn mannskap þarf að kalla út af bakvakt.“

halfdan@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

ÍSFIRÐINGAR, VESTFIRÐINGAR OG AÐRIR LANDSMENN

Í dag, miðvikudaginn 30. júlí 2003 kl. 17:00 fer fram vígsluathöfn á Torfnessvæðinu þar sem forráðamenn Ísafjarðarbæjar afhenda formlega nýju íþróttaaðstöðuna til notkunar.
Allir eru velkomnir!

Framkvæmdanefnd.

ÚTBOÐ Á SKÓLAAKSTRI Í DÝRAFIRÐI

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í skólaakstur í Dýrafirði. Um er að ræða akstur skólabarna frá dreifbýli Dýrafjarðar til Þingeyrar að morgni og heim aftur að loknum skóladegi. Útboðsgögn liggja frammi á tæknideild Ísafjarðarbæjar.
Skilafrestur tilboða er fimmtudaginn 14. ágúst 2003 kl. 11:00.

Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar.



Gamli barnaskólinn á Ísafirði

Í kennsluhæft ástand í ágúst

Verktakafyrirtækið Eiríkur og Einar Valur vinnur nú að endurnýjun framhliðar og þaks gamla barnaskólans við Aðalstræti á Ísafirði. Sveinn Ingi Guðbjörnsson hjá Eiríki og Einari Val segir skólann verða kominn í kennsluhæft ástand um miðjan ágúst en eftir að skólahald hefjist vinni þeir eingöngu eftir hádegi. Búið er að fjarlægja bárujárnsklæðningu af framhlið hússins en síðan verður skipt um glugga, eingangrað og framhliðinni lokað aftur með tvöfaldri timburklæðningu eins og var upphaflega á húsinu.

Sveinn Ingi segir ástand viðanna í gamla barnaskólanum ótrúlega gott miðað við aðstæður en „fótstykki“ hússins sem hvílir ofan á sökkli þess sé fúið. Það hafi verið þakið með múrhúð sem flýti fyrir skemmdum. „Við komum til með að tjakka upp húsið og skipta um þetta“, sagði Sveinn Ingi.

Gamli barnaskólinn við Aðalstræti var reistur árið 1901 og var þá aðeins ein hæð. Fáum árum síðar var annarri hæð bætt ofan á. *– kristinn@bb.is*

RÍKISKAUP

Auglýsing 13363 – Kaup á íbúðum fyrir fatlaða á Ísafirði

Ríkiskaup, fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins og framkvæmdasjóðs fatlaðra, óska eftir að kaupa fjórar íbúðir á Ísafirði, sem henta fötluðum einstaklingum.

Æskilegt er að íbúðirnar séu staðsettar sem næst hver annarri, helst í sama húsi og í nágrenni við verslun- og þjónustu. Íbúðirnar skulu uppfylla kröfur um ferlimál fatlaðra.

Óskað er eftir þremur 4ra herbergja íbúðum a.m.k. 85m² að stærð og einnig 2ja til 3ja herbergja íbúð, a.m.k. 75m² að stærð.

Gera skal ráð fyrir snjóbræðslu í gangstéttum við íbúðirnar, góðri hljóðeinangrun við nærliggjandi húsnæði og brunaviðvörunarkerfi.

Gert er ráð fyrir að íbúðirnar afhendist fullbúnar, eigi síðar en um mitt ár 2004.

Með sölutilboðum skulu fylgja útlits- og grunnteikningar af viðkomandi íbúðum ásamt áætlun seljanda um greiðslur.

Sölutilboðum merkt, „13363 – Kaup á íbúðum fyrir fatlaða á Ísafirði,“ skal skilað til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, fyrir kl. 11:00 föstudaginn 15. ágúst 2003.

Sælkeri vikunnar

er Jóna Björg Kristjánsdóttir á Þingeyri

Þrír sígildir og ljúffengir spariréttir

Léttir sumarréttir hafa verið algengir hjá matgæðingum að undanförnu enda fylgir lystin árstíðunum. Nú þegar er farið að rökkva aðeins og dimmar ágústnætur eru framundan langar mig bjóða upp á þrjá sígilda og ljúffenga veislurétti. Rækjukokteillinn nýtur alltaf vinsælda og er góður í ýmsum útgáfum. Að þessu sinni er rækjukokteillinn í tartalettum sem gefur honum létt yfirbragð og er tilvalið að bera forréttinn fram í síðdegissólinni, úti í garði. Íslenska lambakjötið hefur engan svikið. Úrbeinaður hryggurinn er þægilegur í framreiðslu og fyllingin er gott krydd. Triffle er ljúffengur eftirréttur sem fer vel með vestfirskri fjallasýn á ágústkvöldum.

Rækjukokteill í tartalettum

200 g rækjur
2-3 msk sítrónusafi
aromat
100 g mayones
½ dl tómatsósa (eða eftir smekk)
¼ söxuð gúrka
2 pelar rjómi
3 perur úr dós skornar í litla teninga
sellerísalt, og paprikukrydd eftir smekk.
15-20 tartalettur

Látið rækjur liggja í aromati og sítrónusafa í 2-3 klukkutíma. Þeytið rjómann. Mayonesi, tómatsósu, sellerísalti, paprikukryddi, gúrkum og perum er hrært saman og blandað við rjómann. Blandið rækjum saman við og setjið í tartalettur. Skreytið með ½ sítrónusneið og ½ gúrkusneið.

Úrbeinaður fylltur lambahryggur

Lambahryggur er látinn þíðna í ísskáp í u.þ.b. 5 daga. Úrbeinið hann og kryddið vel með sítrónupipar og season all. Sveskjur og eplabitar eru lagðir ofaná. Kjötinu er því næst rúllað upp og sett í net. Látið kjötið standa í sólarhring í kæli og steikið síðan í ofni við 150° í 2 klukkustundir. Berið fram

með Waldorfsalati, brúnuðum kartöflum og grænmeti að vild.

Trifflé

4 eggjarauður
1 egg
½ lítri rjómi
3-4 msk sykur
15 makkarónukökur
brytjað súkkulaði að vild
1-2 dl sherrý
5 blöð matarlím

Matarlímið er sett í kalt vatn og rjóminn þeyttur. Þeytið saman eggjarauðum, eggi og sykri þar til hræran er létt og ljós. Matarlímið er brætt í potti með sherrýinu (má alls ekki sjóða) og síðan kælt. Blandið því saman eggjahræruna. Myljið makkarónukökurnar og hrærið saman við rjómann ásamt súkkulaðinu. Síðan er eggjahræran hrærð varlega saman við rjómann og blandan látin standa í ískáp. Gott er að bera eftirréttinn fram með þeyttum rjóma.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora á Sigríði Helgadóttur og Friðfinn Sigurðsson á Þingeyri að vera næstu matgæðingar.

Maður vikunnar

Neyðarlegast að stíga ofan á handarbakið á dansfélaganum

Nafn: Önundur Jónsson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Í Alþýðuhúsinu á Ísafirði 5. október 1947.
Atvinna: Yfirlögregluþjónn á Ísafirði.
Fjölskylda: Eiginkonan er Gróa Stefánsdóttir, þá á ég fimm börn á aldrinum 14-36 ára og fjögur barnabörn.
Helstu áhugamál: Lestur góðra bóka, gönguferðir, garðurinn minn og trésmíðar.
Bifreið: Honda CR-V árgerð 1999.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Mjög ánægður með þann sem ég á í dag.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Prentari og sú ást ræðst þegar ég var 16 ara, þá byrjaði ég prentnám og stundaði prentiðn í 16 ár.
Uppáhalds matur? Þykk nautasteik, lítið steikt.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Hvítlauksbrauð.
Uppáhalds drykkur? Jim Beam.
Uppáhalds tónlist? Kántrí-tónlist.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Liverpool – Bítlarnir eru frá Liverpool, það skiptir öllu.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir.
Uppáhalds vefsíðan? bb.is og þaðan á vísindavefinn.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Græna mílan með Tom Hanks.
Fallegasti staður hérlendis? Vestfirski alparnir.
Fallegasti staður erlendis? Miklagljúfur í Arisona í Nevada í Bandaríkjunum.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Já, já.
Uppáhalds heimilistækið? Buxnapressan mín.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Ferðast um landið mitt og vera heppinn með veður.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Það er nú ansi fátt og ef mér tekst að láta það fara í taugarnar á mér, þá reyni ég að leiða það hjá mér.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Halla mér út af með góða bók – helst eftir Laxness. Það kemur mér yfirleitt í gott skap.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já marga og ég stefni ákveðið að því að láta þá alla rætast.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Að stíga á handarbakið á dömunni sem ég var að dansa við úti á dansgólfinu.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Það er nægur starfi að vera yfirlögregluþjónn í bænum svo ekki sé farið að skipta sér af málum Halldórs bæjarstjóra.
Lífsmottó? Gerðu aldrei neinum neitt, sem þú vilt ekki að þér sé gjört.

Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ

Um 40% starfa í Ísafjarðarbæ hjá opinberum aðilum

Samkvæmt nýbirtum niðurstöðum atvinnulífskönnunar í Ísafjarðarbæ sem Netheimar unnu fyrir atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar eru 41% stöðugilda á svæðinu hjá opinberum aðilum og skiptast þau nokkuð jafnt milli ríkis og bæjar. Alls bárust svör frá fyrirtækjum og stofnunum sem hafa á launaskrá 1.740 starfsmenn í 1.446 stöðugildum.

Skýrsluhöfundar telja svörin ná til 80-85% af heildarfjölda á vinnumarkaði á svæðinu sem þeir áætla vera á bilinu 2.000-2.200 manns. Fjórðungur stöðugilda á vinnumarkaði í Ísafjarðarbæ er hjá fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerð. Þó telja skýrsluhöfundar líklegt að greinin hafi meira vægi í atvinnulífi bæjarins en kemur fram í niðurstöðum þar sem talsvert vantaði upp á svörun frá sjálfstæðum útgerðaraðilum og einstaka fiskverkunum.

Þriðja stærsta atvinnugreinin er iðnaður þar sem 12% vinnuafls starfar en 10% vinna við verslun og þjónusta. Við aðra matvælaframleiðslu starfar 6% vinnuafls en undir þeirri skilgreiningu er talinn landbúnaður og vinnsla sjávarfangs utan hefðbundinnar bolfiskvinnslu. 3% fólks á svæðinu starfar við ferðaþjónustu og 3% við banka- og fjármálastarfsemi.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar fjölgar stöðugildum á vinnumarkaði í Ísafjarðarbæ um u.þ.b. 1% á milli áranna 2001 og 2002. Óverulegur breytingar eru á einstaka flokkum en þó er um 2% aukning í fjölda stöðugilda í fiskvinnslu og útgerð hjá þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í könnuninni.

Iðnaður stendur nánast í stað en skýrsluhöfundar segja að þó megi greina tilfærslu innan greinarinnar. Samdráttur sé merkjanlegur í byggingariðnaði og iðnfyrirtækjum sem sérhæfa sig í þjónustu en á sama tíma sé aukning hjá þeim fyrirtækjum þar sem iðnframleiðsla er meginstarfsemi.

Stöðugildum í ferðaþjónustu fjölgar um 15% eða úr 27 í 35 sem er hlutfallslega mesti vöxturinn meðal einstakra greina. *– kristinn@bb.is*

Plöstuðu bíl hins fertuga leigubílstjóra

Rúnar Brynjólfsson, leigubílsstjóri og mjólkurbússtarfsmaður á Ísafirði var fertugur á fimmtudag í síðustu viku. Af því tilefni fóru samstarfsmenn hans og vinir að heimili hans í Tangagötu árla morguns á afmælisdaginn og vöfðu leigubifreið hans í filmuplast og teipuðu yfir með lögreglulímbandi. Ómögulegt er að segja hvers vegna þetta var gert. Líklega var Rúnar ekki risin úr rekkju þegar myndin var tekin um kl. 10 um morguninn og hafði því væntanlega ekki tekið eftir hrekknum, því þá var bíllinn enn plastaður. – *halfdan@bb.is*

Bíllinn er kyrfilega innpakkaður.

Sara Pálma í íslenska keppnishópnum

Sara Pálmdóttir leikmaður Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar er í landsliðshópnum sem keppir fyrir Íslands hönd á Promotion Cup, alþjóðlegu unglingamóti stúlkna sem haldið er á vegum alþjóða körfuboltasambandsins FIBA í Hafnarfirði í byrjun næsta mánaðar. Þátttökuþjóðir auk Íslands eru Malta, Gíbraltar, Skotland og Andorra. Þessar þjóðir taka ekki þátt í í hinni eiginlegu Evrópukeppni FIBA en leika á Promotion Cup í staðinn. Þátttökurétt hafa stúlkur fæddar árið 1985 og síðar.
–kristinn@bb.is

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Atvinnulífskönnun atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar:

80% atvinnurekenda ánægðir með menningarframboðið

Rúmur helmingur svarenda, eða 54%, í atvinnulífskönnun atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar, sem var framkvæmd af Netheimum ehf. á Ísafirði og birt var í síðustu viku, segja menningarframboð í bæjarfélaginu til fyrirmyndar en 26% segja það gott. Í heildina lýsa því 80% þeirra fyrirtækja sem svöruðu könnuninni yfir ánægju með menningarframboð í bænum. Einungis 6% töldu það slakt eða mjög slakt en 14% voru hvorki ánægðir né óánægðir.

Í könnuninni var spurt um sjö þætti í þjónustu og afþreyingu í sveitarfélaginu sem hafa áhrif á búsetuskilyrði íbúa og skipta því máli í samkeppni fyrirtækja um hæft starfsfólk. Svarendur voru beðnir að lýsa afstöðu sinni til gæða dagvistunar- og menntunar, æskulýðs- og íþróttastarfs, menningarframboðs, heilsugæslu, verslunar og vöruverð, húsnæðismarkaðar og samganga.

Almennt fengu þessir þættir mjög góða einkunn, t.d. sögðu 69% svarenda dagvistunar- og menntunarmál vera í góðu lagi eða til fyrirmyndar, 62% voru sama sinnis um íþrótta- og æskulýðsmál, 67% voru ánægðir með heilsugæslu og jafn margir með verslun og vöruverð.

Svarendur voru ekki eins ánægðir með samgöngur og húsnæðismarkaðinn. Rúmur þriðjungur sagði húsnæðismarkaðinn vera góðan eða til fyrirmyndar en 24% töldu hann slakan, 39% aðspurða voru ánægðir með samgöngur en 35% taldi þeim ábótavant.

Skýrsluhöfundar segja að í heildina verði ekki dregin önnur ályktun en að þessir þættir í ytra umhverfi séu í góðu lagi að mati forsvarsmanna fyrirtækjanna en 62-80% þeirra telja fimm af sjö skilyrðum góð eða mjög góð.

kristinn@bb.is

Súðavík

Listasumar hefst í næstu viku

Hátíðin Listasumar í Súðavík hefst á miðvikudag í næstu viku. Hátíðin verður sett með tónlistarflutningi og kvöldkaffi þar sem boðið verður upp á stóra afmælistertu í tilefni fimm ára afmælis hátíðarinnar. Eins og venja er verður sýnd kvikmynd í félagsheimilinu og að þessu sinni varð fjölskyldumyndin „Didda og dauði kötturinn“ fyrir valinu. Kristlaug Sigurðardóttir, höfundur og framleiðandi myndarinnar, og aðalleikkonan Kristín Ósk Gísladóttir heiðra bíógesti með nærveru sinni og segja sögur af gerð myndarinnar. Mjög sérstök bíóstemmning myndast oft í félagsheimilinu, meðal annars vegna þess að rafkerfi hússins á það til að slá út meðan á sýningu stendur.

Meðal annarra viðburða má nefna siglingu á Hest og göngu að Folafæti, gospelmessu, tónleika með hinni færeysku Eivöru Pálsdóttur og gamanmál þeirra Þorsteins Jónínusonar, Gunnars Jónssonar og Steins Ármanns Magnússonar. Þá verður boðið upp á söguferð um gamla hluta Súðavíkur og keppt á íþróttahátíðinni Fáránleikarnir.

Einnig má nefna fasta liði eins og bál og brekkusöng, dansleik í félagsheimili og kaffihlaðborð. *–halfdan@bb.is*

Skipulagsstofnun

Djúpvegur nr. 61: Eyrarhlíð – Hörtná í Súðavíkurhreppi

Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um Djúpveg nr. 61, Eyrarhlíð – Hörtná í Súðavíkurhreppi.

*Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **25. júlí til 5. september 2003** á eftirtöldum stöðum: Á Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði og á skrifstofu Súðavíkurhrepps, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða og Vegagerðarinnar: www.nave.is og www.vegagerdin.is*

*Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **5. september 2003** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.*

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun.

Undirbúningur hafinn að lengingu flugbrautar

Undirbúningur fyrir lengingu flugbrautar á Þingeyrarvelli er hafinn. Eins og sagt var frá í vor var ákveðið að verja 5 milljónum króna í undirbúningsvinnu á þessu ári og tæplega 150 milljónum til framkvæmda á næstu þremur árum. „Undirbúningur er á fullu og verið er að kanna hvað eigi að gera. Þetta er ekki einfalt, því aðflug og fráflug eru mjög flókin. Við vitum ekki frá hvorum endanum verður lengt, en verið er að kanna hvað kemur sér best fyrir flugið. Við erum að fara yfir þetta“, segir Hermann Hermannsson hjá Flugmálastjórn. *–halfdan@bb.is*

Vestfirðingar slakir í stefnuljósanotkun

Einungis 57% Vestfirðinga nota stefnuljós samkvæmt könnun sem Júlíus Ólafsson umferðarfulltrúi Vestfjarða gerði á fyrir stuttu. Alls var skráð stefnuljósanotkun hjá 1.411 ökumönnum. Á Ísafirði var fylgst með 1.002 bílum og voru ísfirskir ökumenn með slökustu útkomuna en einungis 54% þeirra gáfu stefnuljós. Á Patreksfirði var fylgst með 43 ökumönnum og gáfu 74% þeirra stefnuljós. Í Bolungarvík var stefnuljósanotkun 198 bíla skráð og gáfu 64% þeirra merki. Á Hólmavík gáfu 58% ökumanna merki en þar voru 368 bílar í úrtaki. *–kristinn@bb.is*

Sandaball að Vonarlandi um helgina

Hið árlega Sandsball verður haldið í félagsheimilinu Vonarlandi á Ingjaldssandi laugardagskvöldið 2. ágúst. Baldur og Margrét sjá um tónlistarflutning, en átthagafélagið Vorblóm heldur dansleikinn. „Átthagafélagið Vorblóm var stofnað á vordögum 1996. Það eru gamlir Sandarar sem eru þar innanborðs og aðrir sem bera hlýjan hug til staðarins. Vonarland stendur fyrir miðjum dalnum og var tekið í notkun árið 1944. Það var ungmennafélagið Vorblóm sem stóð fyrir þeim framkvæmdum“, segir Halla Signý Kristjánsdóttir. *–halfdan@bb.is*

Sabine Platte, Anke Willharms og Gunnar Schüssler.

Landslagsarkitektúr: Þýskar eiga ekki endilega við í íslensku

Gunnar Schüssler, Sabine Platte og Anke Willharms eiga það sameiginlegt að hafa valið Vestfirði sem viðfangsefni í námi sínu í landslagsarkitektúr við þýska háskóla. Þau búa á Ísafirði og vinna verkefni sín undir handleiðslu Dorothee K. Lubecki, ferðamálafulltrúa Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og skipulagsfræðings frá Berlín.

Dorothee hefur gert nokkuð að því að fá til sín háskólanema sem vinna verkefni sín um Vestfirði. Hafa þeir verið iðnir að beita sér á ýmsan hátt í þágu umhverfismála og ferðaþjónustu, til dæmis við merkingar gönguleiða. Algengt er í Þýskalandi að atvinnulífið og skólarnir tengist með starfsnámi nemenda á ýmsum skólastigum. Þremenningarnir segja starfsþjálfunina mikilvægan hluta námsins en ekki síður ánægjulegan og gefandi.

Gunnar: „Í mínu námi þarf ég að sinna starfsþjálfun í fimm mánuði. Flestir nemarnir kjósa að inna hana af hendi á stofum í Þýskalandi en ég vildi fara til annars lands."

Sabine: „Ég segi það sama. Starfsnámið hjá mér er sex mánuðir og mig langaði til að vinna verkefni í öðru landi."

– Nú eruð þið að vinna á sviði ferðamála hjá Dorothee. Hver er snertiflötur landslagsarkitektúrs og ferðamála?

Sabine: „Ferðamál tengjast nemum í landslagsarkitektúr í gegnum skipulagshluta fagsins. Svo tengjast þessar tvær greinar saman í gegnum náttúruvernd."

Gunnar er Berlínarbúi sem sækir skóla til Höxter, 15 þúsund manna smábæjar suður af Hannover. Sabine er frá Hannover og nemur í sinni heimabyggð. Anke er einnig frá Hannover en hún nemur í Berlín og segist hafa verið ákveðin í því að verja sínu hálfs árs verknámi á Íslandi.

Gunnar: „Þetta er mjög gott tækifæri sem við fáum að starfa í öðru landi og geta kynnst því í gegnum verkþjálfunina."

Réðu sig á ferðakaupstefnunni í Hannover

– Eruð þið öll að vinna að sama verkefninu?

Sabine: „Það eru ákveðnir hlutir sem við vinnum í sameiningu en hvert okkar er með sín eigin verkefni í gangi sem við þurfum að standa skil á. Þannig er ég að vinna að gerð gönguleiðakorts en hef einnig verið að vinna að gerð heimasíðu um Vestfirði."

Gunnar: „Ég er að vinna að sérstakri heimasíðu fyrir áhugamenn um fuglaskoðun. Ætlunin er að setja upp síðu sem gerir grein fyrir fuglategundum á Vestfjörðum og hvar sé best að skoða þá. Þarna verða upplýsingar meðal annars um Látrabjarg og Hornbjarg og fleiri frábæra fuglaskoðunarstaði á svæðinu."

– Eruð þið löngu komin til Íslands?

Gunnar: „Ég kom hingað í apríl og verð út september."

Sabina: „Við Anke komum í byrjun maí og mínum tíma hérna er að verða lokið."

Anke: „Ég ætla að vera hérna fram á haust."

– Eruð þið að ljúka námi?

Gunnar: „Ekki alveg en við erum komin á seinni hlutann. Ég stefni að því að útskrifast á næsta ári."

Anke: „Ég er einmitt að hugsa um að skrifa lokaritgerðina mína hérna."

– Hvernig atvikaðist það að þið komuð til Íslands? Ég ímynda mér að það liggi ekki eins beint við að komast í starfsþjálfun á Íslandi eins og heima hjá ykkur í Þýskalandi.

Sabine:„ Það er haldin ferðakaupstefna í Hannover þar sem ferðaskrifstofur og önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu kynna það sem þau hafa að bjóða. Eins eru kynnt ákveðin svæði og Dóra er alltaf þarna að koma Vestfjörðum á framfæri. Hún var með fyrirlestur um Vestfirði og ég hitti hana þar. Dóra var mjög opin fyrir því að taka nema í starfsþjálfun enda er hún alltaf að leita að fólki til dæmis til að taka þátt í að merkja gönguleiðir."

Starfsnámið góð tilbreyting

– Fáið þið greitt fyrir starf ykkar hér á Íslandi eða er þetta eins og hver önnur skólavist?

Gunnar: „Við fáum styrk frá Evrópusambandinu í gegnum Leonardo-áætlunina. Þetta eru ekki laun en mætir kostnaði hjá okkur eins og húsaleigu."

– Hafið þið verið mikið að merkja gönguleiðir?

Gunnar: „Já, við fórum að Látrabjargi og gistum á því svæði í eina viku. Það var mjög gaman. Þar í nágrenninu merktum við gönguleiðir uppi á heiðum sem var mjög áhugavert fyrir okkur."

– Anke, þú sagðist vera að skoða að skrifa lokaritgerðina þína hér á landi. Myndirðu þá vinna hana í samvinnu við háskóla á Íslandi?

Anke: „Nei, ég myndi alfarið vinna á vegum skólans í Hannover en undir handleiðslu Dorothee. Ég er reyndar ekki viss á því nákvæmlega hvaða efni ég á að taka fyrir. Ég hef nokkrar hugmyndir og hef áhuga á að klára verkið áður en ég fer í haust en það er ekki alveg nógu langt komið."

– Er það algengt í háskólanámi í Þýskalandi að fólki sæki starfsþjálfun af svipuðum toga og þið gerið nú?

Anke: „Já, það er mjög algengt í nær öllum greinum. Á einhverjum tímapunkti þarf fólk að starfa úti í fyrirtækjum og stofnunum til að kynnast faginu í raun."

– Fáið þið ólík sjónarmið á landslagsarkitektúr í skólabókarnáminu og í starfsnáminu?

Sabine: „Það er að minnsta kosti mjög gott þegar maður hefur verið að læra lengi um fræðilegan heim að komast út og kynnast hinum raunverulega. Ég held að það sé alltaf töluverður munur á fræðunum og raunveruleikanum, sama hvaða fag þú nemur."

– Er algengt að nemendur sæki starfsnám til útlanda eða sinna þeir því mest innan Þýskalands?

Anke: „Alls ekki allir sækja sér starfsreynslu til útlanda en það er nokkuð algengt."

– Er fólk hvatt til að fara utan í starfsnám?

Anke: „Já, það er litið jákvæðum augum ef fólk fer utan."

Gunnar: „Flestir nemarnir í mínum skóla vilja helst sækja starfsnám innan Þýskalands og vilja ekki fara út fyrir landsteinana – ég skil ekki út af hverju."

Dýrt að vera á Íslandi

– Hvernig kunnið þið við dvölina á Vestfjörðum hingað til? Er hún í samræmi við væntingar?

Sabine: „Ég kann mjög vel við mig. Það tók tíma að venjast umhverfinu og finna taktinn í verkefnunum en ég er mjög ánægð."

Gunnar: „Ég er mjög ánægður með dvölina en hún nýtist mér meira sem persónuleg reynsla en eitthvað sem ég get hagnýtt beint í náminu."

– Má þá segja að þú hefðir getað farið hagnýtari leiðir með tilliti til námsins?

Gunnar: „Já, en ég er mjög ánægður með að kynnast nýju

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

r lausnir u umhverfi

fólki og nýju landi.“

– Er þetta í fyrsta sinn sem þið komið til Íslands?

Sabine: „Ég hef komið hingað áður sem ferðamaður.“

Gunnar: „Ég er að koma í fyrsta sinn og ég ætla örugglega að koma aftur seinna. En ekki fyrr en ég verð orðinn ríkur og frægur landslagsarkitekt því það er mjög dýrt að vera hérna.“

Ólík sjónarmið á Íslandi og í Þýskalandi

– Hafið þið einhverja hugmynd um við hvað þið munið vinna þegar þið klárið námið?

Gunnar: „Aka leigubíl. Vandamálið er að það eru ekki næg framlög til náttúruverndar og landslagsskipulags í Þýskalandi. Það er mjög erfitt að komast áfram á vinnumarkaðinum.“

– Í ykkar starfi sem landslagsarkitektar eruð þið jafnvel meira í því að varðveita náttúruna en að teikna breytingar á henni?

Gunnar: „Þetta eru tvær hliðar á sama peningnum. Fagið nær allt frá hönnun garða og þess konar vinnu við manngert umhverfi yfir í skipulag náttúruverndarsvæða.“

Anke: „Við getum sinnt svo mörgum hlutverkum innan landslagsarkitektúrs.“

– En þegar þið komið hingað með ykkar menntun og bakgrunn, sjáið þið eitthvað sem þið vilduð gera öðruvísi með tilliti til skipulags og náttúruverndar?

Gunnar: „Já, auðvitað, það er náttúrlega margt sem maður vildi gera. En á hinn bóginn erum við ekki héðan og komum að með annan hugsunarhátt. Ég er ekki viss um að það sé sniðugt að ráðast í að leysa mál á Íslandi með þýskum aðferðum. Það eru auðvitað aðrir hlutir sem þarf að huga að þegar verið er að skipuleggja á Íslandi en í Þýskalandi, þannig er ég ekki viss hvað maður vildi gera hérna.“

Sabina er á heimleið en Gunnar og Anke dvelja áfram á Ísafirði fram á haust. Þau skilja eftir sig merktar gönguleiðir og ýmis verkefni í þágu ferðamála á Vestfjörðum. Vonandi skilar dvölin á Vestfjörðum þeim dýrmætri reynslu í staðinn. Ekki er annað á þeim að heyra en að veran hér hafi skilað þeim eftirminnilegum augnablikum og jákvæðum kynnum af landi og þjóð. *– kristinn@bb.is*

Byggingavörukaupmenn á Ísafirði segja framkvæmdagleði ríkjandi

„Elstu menn muna ekki annað eins“

Ingimar Sigurðsson verslunarmaður hjá Húsasmiðjunni hf. á Ísafirði segir óvenju mikið hafa selst af málningarvörum og pallatimbri í sumar. „Það er að fara töluvert meira af útimálningu og fúavörn en verið hefur. Að einhverju leiti skýrist þetta af harðri verðsamkeppni hjá stóru verslununum. Ég held að framkvæmdagleðin hjá verktökum sé svipuð og verið hafi en einstaklingar séu að framkvæma meira, vinna í garðinum og smíða palla. Elstu menn muna ekki annað eins“, sagði Ingimar.

Unnsteinn Sigurjónsson hjá byggingavöruversluninni Núpi tekur í sama streng. Hann segir helmingsaukningu hafa orðið á sölu pallaefnis síðasta sumar og þá hafi menn talið að toppinum væri náð. „Við erum þegar búnir að ná sölu síðasta sumars. Eins og staðan er núna er pallaefni að miklu leiti uppselt og beðið eftir nýrri sendingu.“ Svipuðu máli gegnir um málningu og aðrar viðhaldsvörur.

„Þegar veðrið er gott virðist fólk ekki nenna að sitja inni og vill gera huggulegt í kringum sig. Margir eru í rauninni að búa til aukastofu í garðinum. Bærinn hefur líka gengið á undan við að gera fínt fyrir landsmótið og fólk vill greinilega ekki láta sitt eftir liggja“, sagði Unnsteinn. *–kristinn@bb.is*

Skógræktarfélag Ísafjarðar

Tæpar 1,3 milljónir króna í skaðabætur fyrir trjágróður

Björn Jóhannesson lögmaður Skógræktarfélags Ísafjarðar segir í bréfi til Ísafjarðarbæjar að ekki verði annað séð en að samkomulag sé komið á milli bæjarins og skógræktarfélagsins um að greiddar verði bætur til félagsins að fjárhæð 1.274.650 vegna þess trjágróðurs sem eyðileggst í framkæmdum við leiðigarð undir Seljalandsmúla. Í júní skiluðu matsmenn sem tilnefndir voru af Skógræktarfélaginu og Ísafjarðarbæ matsgerð þar sem verðmæti trjágróðursins var álitið nema áðurnefndri upphæð.

Bæjarbúar sóttu trjáplöntur í hlíðina undir Seljalandsmúla áður en framkvæmdir hófust.

Fyrir liggur að Skógræktarfélag Ísafjarðar, Skógræktarfélag Íslands og Ísafjarðarbær gerðu með sér skriflegt samkomulag á árinu 1990 um ræktun landgræðsluskóga á því svæði sem nú fer undir snjóflóðavarnargarða. Fékk Skógræktarfélag Ísafjarðar forræði yfir landinu til 75 ára.

„Þegar samþykkt var af hálfu Ísafjarðarbæjar að fram færi mat á verðmæti trjágróðursins leit Skógræktarfélag Ísafjarðar svo á að Ísafjarðarbær hefði með því samþykkt að greiða félaginu bætur vegna trjágróðursins. Enginn fyrirvari var af hálfu Ísafjarðarbæjar vegna matsins og hefur skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar lýst því yfir bréflega að af hálfu Ísafjarðarbæjar séu ekki gerða athugasemdir við niðurstöðu matsins.“, segir í bréfi Björns Jóhannessonar til Ísafjarðarbæjar. *– kristinn@bb.is*

BLÓMAMARKAÐUR
Í BLÓMAHORNINU
Í NEISTA ALLA
ÞESSA VIKU EINS
OG ERLENDIS.
FRÁBÆR VERÐ
RÓSIR, LILJUR,
CHRYSI, SÓLBLÓM
O.M.FL. Í BÚNTUM
Blómahornið
Neista · Sími 456 3336

Knattspyrna

Tap fyrir Víkingi frá Ólafsvík

Víkingur frá Ólafsvík gerði góða ferð vestur á firði um helgina. Á föstudag tóku Bolvíkingar á móti Víkingi á Skeiðisvelli og töpuðu 1-3. Tveimur dögum síðar sigraði Víkingur lið heimamanna á Ísafirði 2-0. Eftir leikina er BÍ í fjórða sæti A-riðils 3. deildar með 17 stig og UMFB er í 7. sæti með 7 stig.

Tók upp grunn síðustu sólóplötunnar í hinu fornfræga stúdíói Abbey Road

Rabbi ásamt sonum sínum, þeim Agli og Ragnari Sólberg.

Tónlistarmaðurinn Rafn Jónsson úr Súgandafirði, sem í daglegu tali er kallaður lítið annað en Rabbi, vann fyrir skemmstu grunn að sinni þriðju og síðustu sólóplötu. Upptökurnar fóru fram í Abbey Road í Lundúnum, frægasta hljóðveri heims. Rabba til aðstoðar voru synir hans tveir, Egill og Ragnar Sólberg, auk fleiri vina og vandamanna.

Rabbi segir að það hafi alltaf verið draumur hans að taka upp í þessu fornfræga hljóðveri og feta þannig í fótspor Bítlanna og fleiri heimsfrægra tónlistarmanna. Það mun hafa komið honum nokkuð á óvart hversu fullkomið hljóðverið var.

„Það var alveg frábært að vera þarna þessa tvo daga. Við vorum reyndar fram eftir degi að fá hljóm, en síðan rúllaði þetta mjög vel. Okkur tókst að taka upp níu grunna á þessum stutta tíma. Afgangurinn verður tekinn upp í stúdíóinu heima.“

Vinsælt að ganga yfir götuna

Abbey Road er eins og áður segir frægasta hljóðver heims. Í huga margra er greypt mynd af Bítlunum þar sem þeir ganga yfir götuna fyrir utan en sú mynd var notuð framan á samnefnda plötu þeirra.

„Þetta stúdíó hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Við sáum fólk alltaf vera að láta taka mynd af sér þar sem það gekk yfir götuna á nákvæmlega stað og Bítlarnir gerðu.

– Er fólki hleypt inn í stúdíóið, fær það að skoða það eins og safn?

„Nei, hljóðverið sjálft er harðlokað enda myndi það trufla alla vinnu ef fólk fengi að ganga þar um. En það er vinsælt að hanga þarna fyrir utan. Það er einn veggur þarna sem er mjög vinsælt að krota á og svo bíða margir í von um sjá einhvern frægan koma út.“

Notuðu sama píanó og Bítlarnir

Því má við þetta bæta að á heimasíðu Abbey Road stúdíósins er hægt að spila tvo leiki sem ganga einmitt út á það að láta taka mynd af sér labba yfir götuna fyrir utan hljóðverið og krota á vegginn.

„Húsið lætur ekki mikið yfir sér, utan frá séð, en það er gríðarlega stórt. Þarna eru fjögur stúdíó, þar af eitt 150 manna sinfóníustúdíó, tvær íbúðir og margt fleira. Húsið er upphaflega byggt sem kvikmyndahús en hefur verið breytt mikið síðan. Inni í hljóðverinu eru margir merkilegir gripir. Meðal annarra hluta má nefna gamalt píanó sem Bítlarnir notuðu. Við fengum að nota það til að spila inn á plötuna en vorum greinilega ekki þeir fyrstu, því það var orðið verulega slitið.“

Grafík plata kannski á næsta leiti

Rabbi segir að þessi plata verði hans síðasta. Áður hefur hann gefið út plöturnar Andartak og Ef ég hefði vængi, auk þess sem hann hefur spilað inn á hljómplötur með fjölda annarra tónlistarmanna. Þá hefur hann stjórnað upptökum, spilað inn á og gefið út hljómplötur fjölda hljómsveita.

Vegna þess hvar grunnar laganna á plötunni eru teknir upp gengur hún undir vinnuheitinu Rabbey Road. „Allt er þegar þrennt er. Þetta verður að líkindum mín síðasta plata, að minnsta kosti síðasta sólóplatan. Að vísu höfum við í Grafík verið með áform um að gefa út plötu. Við erum búin að semja lögin sem eiga að fara á hana. Svo fer útgáfudagurinn bara eftir því hvort og hvenær við nennum að taka hana upp.“

Setið í sólinni á Suðureyri

Þegar rætt var við Rabba var hann ásamt fjölskyldunni í sumarfríi á Suðureyri. Þar á hann íbúðarhús og er fastagestur á Sæluhelgi. „Við erum búin að vera hérna síðan að slaka á. Ég verð hérna fram í ágúst að semja texta á plötuna í rólegheitum.“

Synir Rabba tveir og tengdadóttir sátu með honum í sólskininu í Súgandafirði þegar blaðamann bar að garði. Öll eru þau í landsfrægum hljómsveitum en gátu þó gefið sér tíma til að taka lífinu með ró á Suðureyri.

–halfdan@bb.is

Ellert ráðinn skólastjóri á Þingeyri

Ellert A. Erlingsson hefur verið ráðinn skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri og tekur við starfinu nú í haust. Ellert lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2001. Hann hefur þriggja ára reynslu af almennri kennslu og íþróttakennslu bæði grunn- og framhaldsskólastigi. Að auki hefur hann fjögurra ára reynslu sem leiðbeinandi á þjálfaranámskeiðum Íþrótta- og ólympíusambands Íslands og sem knattspyrnuþjálfari. Þess má geta að unnusta Ellerts er Þórey Sjöfn Sigurðardóttir íþróttakennari. *– kristinn@bb.is*

Eldingu laust í flugvél Flugfélags Íslands

Eldingu laust í vél Flugfélags Íslands fljótlega eftir að hún lagði af stað frá Reykjavíkurflugvelli til Ísafjarðar síðdegis á laugardag og var henni þegar snúið við og lent aftur á Reykjavíkurflugvelli. Farþegar voru þar fluttir í aðra vél og lögðu af stað aftur til Ísafjarðar. Fimm farþegar af 28 neituðu þó að fara um borð í seinni vélina. Árni Gunnarsson, sölu- og markaðsstjóri FÍ, segir að þetta komi fyrir við og við en vélarnar séu útbúnar eldingavara sem leiði eldingarnar framhjá og því engin hætta á ferðum. Engan sakaði í vélinni. *– bb@bb.is*

Tálknfirðingar til liðs við Verkalýðsfélagið

Verkalýðs- og sjómannafélag Tálknafjarðar samþykkti á framhaldsaðalfundi 10. júlí s.l. að sameinast Verkalýðsfélagi Vestfjarða. Aðildarumsóknin var samþykkt á fimmtudag í síðustu viku. Þar með hafa 10 stéttarfélög á Vestfjörðum sameinast í eitt félag. Pétur Sigurðsson formaður Verkalýðsfélags Vestfjarða sagði í samtali við Svæðisútvarp Vestfjarða að hann vonaðist til að fleiri félög myndi vilja feta í fótspor Verkalýðs- og sjómannafélags Tálknafjarðar. *– kristinn@bb.is*

Héraðsdómur Vestfjarða

Sýknar karlmann af ákæru fyrir manndráp af gáleysi

Héraðsdómur Vestfjarða hefur sýknað karlmann á fimmtugsaldri af ákæru fyrir manndráp af gáleysi en maðurinn ók jeppabíl með lítinn tengivagn í eftirdragi um Djúpveg í Skutulsfirði í október á síðasta ári þegar vindhviða kom á tengivagninn og maðurinn missti stjórn á bílnum sem valt út af veginum. Sambýliskona mannsins og tvær ungar dætur hennar létust í kjölfarið af áverkum sem þeir hlutu.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa ekið bílnum án nægjanlegrar tillitssemi og varúðar og of hratt miðað við aðstæður. Dómkvaddir matsmenn töldu að ekki yrði ráðið af ummerkjum og umfangi skemmda á bíl og kerru að ækinu hafi verið ekið yfir leyfilegum hámarkshraða miðað við bestu aðstæður, en ljóst sé þó að miðað við veðurhæð hafi forsvaranlegur hámrkshraði ækisins verið töluvert lægri en sem nemi leyfilegum hámarkshraða miðað við kjöraðstæður.

Hins vegar virðist ekki hafa verið um áberandi erfið aksturskilyrði að ræða fyrr en komið var að vegarkaflanum við Bása. Því sé líklegra að sterk og tiltölulega óvænt vindhviða hafi haft þessi ófyrirsjáanlegu áhrif á ækið.

Þá sögðu matsmennirnir að ekkert bendi til þess að vanbúnaður eða ófyrirséð bilun í ökutækjunum hafi valdið slysinu að hluta til eða öllu leyti. Kerran hafi verið nánast ný, tekin í notkun tveimur mánuðum fyrir slysið, bifreiðin fjögurra ára gömul og frekar lítið ekin. Þá töldu matsmennirnir vegstæði og frágang vegar ekki aðfinnsluvert. Þótt tiltölulega bratt sé beggja megin niður af veginum á þeim vegarkafla þar sem bifreiðin og kerran ultu sé ekki að sjá að hann sé áberandi varhugaverður og ekki að þörf sé á vegriði þarna umfram aðra svipaða staði á þjóðvegum landsins. Hins vegar þurfi að sýna meiri aðgát á þessum stað en öðrum þegar aðstæður séu eins og þær voru umræddan dag, þ.e. vindur tiltölulega hvass og með hviðum.

Matsmennirnir sögðu að það sem hafi átt afgerandi þátt í að valda þeirri röskun í akstri sem raunverulega olli slysinu hafi verið að kerran stóðst ekki vindálagið og fauk til hliðar. Miðað við árstíma hafi þó ekki ríkt í þessu tilfelli óvenjulegar eða óeðlilegar veðurfarsaðstæður og aðstæður sem þessar geti einnig komið upp að sumarlagi í ákveðnum tilfellum. Kerrur eins og þessi, kantaðar og því ekki á nokkurn hátt straumlínulega hannaðar til að minnka viðnám gegn vindi, geti ekki talist hentugar við veðurfarsaðstæður sem búast megi við hér á landi, auk þess sem þær séu tiltölulega léttar miðað við stærð. Væri æskilegt að vara við því að draga léttar kerrur í hvassviðri og líma á þær aðvörunarmiða. Enn fremur væri æskilegt væri að setja upp umferðarmerki til að vara við sviptivindum við vegarkaflann sem slysið varð á og e.t.v. fleiri víðar um land þar sem svipaðar aðstæður geti myndast.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að virða manninum það til gáleysis í skilningi ákvæða umferðarlaga almennra hegningarlaga að hafa ekki gert sér grein fyrir því er hann ók út með Skutulsfirði í þægilegum meðvindi að hann mætti vænta skyndilegrar vindhviðu þvert á veginn, svo hvassrar að hún dygði til að hliðra kerrunni til. Var maðurinn því sýknaður af ákærunni.

bb@bb.is

Stúkan Einingin í Reykjavík

Afhjúpar minnisvarða um Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli

Laugardaginn 9. ágúst nk. kl. 14:00 verður afhjúpaður minnisvarði um Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli að Kirkjubóli í Bjarnardal í Önundarfirði. Það er stúkan Einingin í Reykjavík sem þannig vill heiðra minningu eins síns besta félaga, en Halldór var um áratugi félagi í Einingunni og þjóðin þekkti Halldór sem einhvern ötulasta talsmann bindindis og hollra lífshátta.

Formaður undirbúningsnefndar, Sigrún Sturludóttir, setur samkomuna og stjórnar henni. Þá munu þær Sigrún Gissurardóttir og Ásgerður Ingimarsdóttir, lesa ljóð og frásögn eftir Halldór og Helgi Seljan og Gunnar Þorláksson flytja ávörp auk þess sem Karlakórinn Ernir mun syngja nokkur lög.

Bróðurdóttir Halldórs, Ásthildur Ólafsdóttir, mun síðan flytja ávarp fyrir hönd ættingja Halldórs auk þess sem sungin verða ljóð hans. Stúkan Einingin býður alla velkomna til þessarar athafnar.

bb@bb.is

Atvinnulífskönnun Netheima ehf. fyrir Ísafjarðarbæ

Gott aðgengi að stjórnsýslu

Rúmur helmingur eða 55% aðspurðra fyrirtækja í atvinnulífskönnun, sem Netheimar gerðu fyrir atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar og birt var í síðustu viku, telja aðgengi að stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar gott eða til fyrirmyndar. Einungis 19% töldu því ábótavant eða mjög ábótavant en 26% svarenda sögðu það í meðallagi. Rúmur þriðjungur svarenda sagði skilvirkni stjórnsýslunnar góða eða til fyrirmyndar, svipaður fjöldi sagði hana í meðallagi en 29% aðspurðra sögðu henni ábótavant eða mjög ábótavant.

Þegar spurt var um þjónustugjöld bæjarins sögðu 45% aðspurðra þau há eða mjög há. Meiri sátt er um fasteignagjöld en þriðjungur svarenda telur þau of há. Atvinnustefna Ísafjarðarbæjar fær ekki háa einkunn.

kristinn@bb.is

SPARKAUP

Verslunarstjóri

Auglýst er laust til umsóknar starf verslunarstjóra í Sparkaup Bolungarvík frá og með 1. september 2003.

Starfið felst í daglegum rekstri verslunarinnar, starfsmannahaldi, innkaupum og þjónustu við viðskiptavini.

Leitað er að starfsmanni í fullt starf. Umsækjendur hafi góða grunnmenntun, helst á sviði verslunar og þjónustu.

Við leitum að:
- **reynslu úr verslun eða tengdri starfsemi**
- **stjórnunarhæfileikum**
- **vinnusemi og áhuga á þjónustu**
- **jákvæðu viðhorfi og glaðlegri framkomu**
- **nákvæmi og skipulögðum vinnubrögðum**
- **samskiptahæfni og þjónustulund**

Upplýsingar um starfið veitir Skúli Skúlason, starfsmannastjóri Samkaupa hf.

Umsóknum skal skila fyrir 8. ágúst næstkomandi:
Samkaup hf.
bt. starfsmannastjóra
Hafnargötu 62
230 Keflavík

Magnús Gautur sigraði á Íslandssögumótinu

Magnús Gautur Gíslason sigraði á Íslandssögumótinu í golfi sem haldið var á Tungudalsvelli á Ísafirði um helgina, en alls tóku 51 keppandi þátt. Magnús fór brautina á 76 höggum, en Jakob Ó. Tryggvason varð í öðru sæti með 83 högg. Í þriðja sæti varð Runólfur Kristinn Pétursson, einnig með 83 högg. Þegar forgjöf er tekin með í reikninginn var Jakob Ó. efstur með 65 högg, en Skúli Berg og Tómas Rúnar Sölvason voru í 2-3 sæti, báðir með 66 högg. Þá fengu Helgi Birgisson og Kristján Helgason nándarverðlaun á mótinu. – ***halfdan@bb.is***

Fjölbreytt dagskrá um alla Vestfirði á helginni

Mikið verður um að vera á Vestfjörðum um komandi verslunarmannahelgi. Hæst ber að sjálfsögðu unglingalandsmót UMFÍ á Ísafirði, en þar fyrir utan verður boðið upp á skemmtanir víða um Vestfjarðakjálkann. Í Bjarkalundi verður venju samkvæmt boðið upp á dagskrá. Þá verður hið árlega Sandsball haldið í félagsheimilinu Vonalandi á Ingjaldssandi á laugardagskvöld og munu Baldur og Margrét leika þar fyrir dansi. Á Flateyri verður mikið um að vera, því áformað er að halda þar útihátíðina Rokk og reykur. –* ***halfdan@bb.is***

Héðinn og Halldór mætast í bocciaeinvígi

Héðinn Ólafsson, tvöfaldur silfurverðlaunahafi frá ólympíuleikum fatlaðra sem haldnir voru í Dyflinni í sumar, mun mæta Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar í bocciakeppni á túni bak við Hótel Ísafjörð á laugardag. Er einvígi þeirra félaga hluti af kynningu á bocciaíþróttinni sem íþróttafélagið Ívar á Ísafirði stendur fyrir. Aðspurður segist Halldór ekki búast við því að hann ríði feitum hesti frá þessu einvígi. „Ég ætla samt að reyna mitt besta. Ég er þó hræddur um að Héðinn mali mig, enda er hann ólympíufari“, segir Halldór.

ÍSAFJARÐARBÆR

HEIMAÞJÓNUSTA

Starfsfólk óskast í tvær stöður í heimaþjónustu. Á Flateyri (60% staða) frá og með 15. ágúst 2003 og á Þingeyri (20% staða) frá 1.september í þriggja mánaða afleysingu.
Launagreiðslur eru í samræmi við launasamninga FOS-Vest.
Nánari upplýsingar eru hjá Albertínu á Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar í síma 450 8001.

Skóla- og fjölskylduskrifstofan.

Atvinnutækifæri
hjá Ísafjarðar Apóteki

Vegna aukinna umsvifa hjá Ísafjarðar Apóteki þá óskum við eftir starfsmanni í vinnu hjá okkur eftir hádegi. Við leitum að starfsmanni með ríka þjónustulund og samskiptahæfni. Í boði er gott vinnuumhverfi og samkeppnishæf laun.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Þ. Birgisson, lyfsali, í síma 456 3009 og hægt er að sækja um starfið á vefsetri okkar www.lyfja.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Innlegar þakkir og hlýjar kveðjur til ykkar allra, sem sýndu okkur samúð og vinarhug og heiðruðu minningu móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Ingibjargar Finnsdóttur
frá Ísafirði
síðast til heimilis að Gullsmára 7, Kópavogi

Ingibjörg Jónsdóttir — Árni Ármann Árnason
Guðmundur H. Hagalín — Jóhanna Björg Jóhannsdóttir
Hrefna H. Hagalín — Sigurður Oddsson
Auður H. Hagalín — Snorri Hermannsson
barna- og langömmubörnin

Íþróttasvæðið á Torfnesi

Nýi gervigrasvöllurinn vígður í dag

Nýr gervigrasvöllur og frjálsíþróttaðstaða á Torfnesi verður vígð kl. 17 í dag. Grasvöllurinn hefur þegar verið tekinn til notkunar fyrir æfingar en verið er að leggja lokahönd á frágang íþróttasvæðisins. Fullkomin frjálsíþróttaaðstaða verður á Torfnesi með hlaupa- og atrennubrautum lögðum svokölluðu tartanyfirborði. Stökksvæði nýtist einnig sem körfuboltavöllur.

Gervigrasvöllurinn á Torfnesi.

Forsvarsmenn Ísafjarðarbæjar og íþróttahreyfingarinnar flytja ávörp við vígsluna en að auki taka knattspyrnumenn úr Boltafélagi Ísafjarðar stuttan leik á nýja vellinum. Að lokum verður öllum viðstöddum boðið upp á grillaðar pylsur og gos við íþróttahúsið á Torfnesi.

Björn Helgason íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Ísafjarðarbæjar segir mikið tilhlökkunarefni að taka stórbætta íþróttaaðstöðu í notkun. BÍ hefur verið falið að sjá um úthlutun tíma á svæðinu.

„Markmiðið er að íþróttavellirnir verði mikið notaðir og mjög opnir fyrir almenningi. Þetta er stór sameiginleg fjárfesting allra bæjarbúa og mikilvægt að gengið verði vel um vellina. BÍ hefur það hlutverk að koma í veg fyrir árekstra á vellinum og halda utan um hver ber ábyrgð á svæðinu á hverjum tíma“, sagði Björn.

Þorsteinn J. Tómasson áhugaljósmyndari

Opnar ljósmyndasýningu frá Siglingadögum

Þorsteinn J. Tómasson, flugmaður, lagerstjóri hjá Póls hf og áhugaljósmyndari á Ísafirði hefur opnað sýningu í Stúdíó Dan með myndum frá nýliðnum Siglingadögum.

Myndirnar eru teknar á stafrænt form en Þorsteinn hefur stækkað þær upp á pappír. Sýningin verður opin á opnunartíma Stúdíó Dan. Fjölmargt bar fyrir augu á Siglingadögum og hefur Þorsteinn valið úr bestu svipmyndir sínar. Þeir sama áhuga á að eignast myndir af sýningunni geta pantað þær hjá Þorsteini í síma 894 8630. – *kristinn@bb.is*



Frá sýningu Þorsteins í Stúdíó Dan.

Íslandspóstur hf

Bréfberi óskast

Bréfberi óskast til að bera út póst á pósthúsinu á Ísafirði. Getur hafið störf strax.

Upplýsingar gefur stöðvarstjóri í síma 456 5000.

Súðavíkurhlíð

Ók vegkanta á milli

Lögreglunni á Ísafirði barst tilkynning um undarlegt ökulag manns á Súðavíkurhlíð rétt fyrir klukkan hálf tólf á mánudagskvöld og var sagt að bifreiðinni væri ekið vegkanta á milli.

Lögregla ók á móti bifreiðinni, mætti henni rétt utan við flugvallarafleggjara og gaf ökumanninum merki um að stoppa. Ökumaðurinn ók þá að bílastæði flugvallarins og lagði þar bílnum. Hann var handtekinn, grunaður um ölvun við akstur. –*halfdan@bb.is*

STAKKUR SKRIFAR

„Ilmandi“ landsmót

Veðurspá helgarinnar er fremur hagstæð landsmóti unglinganna á Ísafirði. Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands er afar velkominn og kær viðburður hér á Ísafirði. Væntanlega fær Ísafjarðarbær og Vestfirðir allir mikla eftirtekt og athygli landsmanna. Íslendingum er reyndar að verða æ ljósara hve margt er að sækja hingað og hversu margt er að sjá og læra á Vestfjörðum og Vestfirðingum. Hvort það hefur verið auglýsingabrella af hálfu bæjaryfirvalda að dreifa mykjunni í Tungudal í síðustu viku skal ósagt látið þar til hið sanna kemur í ljós. En afleiðingarnar voru margvíslegar. Fyrir það fyrsta yfirgáfu nokkrir ferðalangar tjaldsvæðið i Tungudal og mátti meðal annarra sjá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur talsmann Samfylkingarinnar og nú persónulegan vin Tony Blair forsætisráðherra Breta aka út dalinn í fréttatíma Sjónvarpsins. Hún hefur að vísu leiðrétt þann leiða misskilning að hún hafi verið að yfirgefa óþefinn. Enda kann að vera að ilmurinn í Tungudalnum sé ekki verri en sá er fylgir borgarstjóranum í Reykjavík vegna samráðs Olíufélaganna, sem nú eru undir skoðun Samkeppnisstofnunar. En hún ein borgarfulltrúa vissi að Þórólfur ætti þátt í samráðinu, meðal annars því er beindist að Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar og Strætisvögnum Reykjavíkur og beindist að því að halda eldsneytisverði uppi. Það kom niður á sameiginlegum hagsmunum borgarbúa að sjálfsögðu. En það er útúrdúr og önnur lykt og það mál skýrist með tímanum.

Hvað sem öðru líður er fnykurinn úr Tungudal landsþekktur þó ekki hafi hann lagt yfir þjóðina í eiginlegum skilningi. Hann vakti hins vegar rækilega athygli á Ísafirði og svo oft er búið að skýra það, að verið sé að eyða honum, að allir ættu að vera þess fullvissir að gott verði að koma til Ísafjarðar og njóta rómaðrar gestrisni okkar. Sem fyrr segir verður þurrt vestanlands um helgina og auðvitað skiptir miklu að hafa gott veður þegar mörg þúsund gestir koma. Það hefur vakið athygli að löggæslukostnaður hefur orðið að bitbeini. Það er nú einu sinni svo, að viðbúnaður lögreglu er mikill þegar svo margir koma saman og mikils um vert að tryggja að allt fari nú vel fram, þótt engin ástæða sé til að óttast ólæti eða annan óskunda af hálfu landsmótsgesta. Löggæsla er nú einu sinni þannig, að stór hluti hennar er viðbúnaður. En ekki má heldur gleyma því að umferð verður mjög mikil og í raun ekki gert ráð fyrir miklum viðbúnaði þótt íbúafjöldi á Ísafirði meira en tvöfaldist. Ekkert okkar vill að óhöpp eða slys varði til þess að setja dökkan blett á minninguna um glæsilegt mót.

Með fréttunum um mykjudreifinguna í Tungudal barst ókeypis auglýsing um Ísafjörð og væntanlegt landsmót. Og svo sannarlega er mótið tilhlökkunarefni og margt til skemmtunar, auk íþróttanna og annarra leikja. Öll umfjöllun hefur verið jákvæð og eykur okkur bjartsýni, enda undirbúningur heimamanna mikill og góður. Við skulum því vona að minningar hinna fjölmörgu gesta ylji þeim um hjartaræturnar að mótinu loknu og ilmi í sál þeirra. Að lokum eru allir beðnir um að fara nú varlega í umferðinni og muna að mikilvægara er að komast leiðar sinnar en slá einhver hraðamet sem oft enda með ósköpum.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

SPURNINGIN

Spurt var:

Ferðu oft á kaffihús?

Alls svöruðu 213.
Já sögðu 50 eða 23%
Nei sögðu 163 eða 77%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Þar sem púlsinn slær...
bb.is

TILBOÐADAGAR
Í SAMKAUP ÍSAFIRÐI 31. JÚLÍ - 5. ÁGÚST
Svínakótilettur úr kjötborði
599 kr/kg
Goða hamborgarar m/brauði, 4x80 gr
279 kr
Goða vínarpylsur 10 stk
662 kr/kg
Goða fjallaskinka reykt og soðin
899 kr/kg
6 kjúklingabitar + franskar + 2 L Coke
999 kr
Primus próteindrykkur jarðarberja og súkkulaði
179 kr
Sumarpakki Goða
Pylsur, brauð, nis, draumur, Pepsi Max
695 kr
Gourmet lambalæri rauðvínslegið
997 kr/kg
Maarud Spró mix 200 gr
Paprika og salt
299 kr
Kit Kat 3 stk x 49 gr
3 fyrir 2
299 kr
Prins Polo 6 stk, 240 gr
299 kr
Maarud flögur 250 gr
Paprika og salt/piper
299 kr
Prins Polo XXL 4 stk
299 kr
Homeblest Milk, blátt
3 fyrir 2
Pringles flögur 200 gr
Sourcream, Paprika, Cheese, Mexican og Originals
189 kr
Strumpar
50 kr
Opnunartímar meðan á unglingalandsmóti stendur:
Fimmtud. - sunnud. kl. 9 - 24
mánud. kl. 9 - 21
SAMKAUP
Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460
...bara að nefna það!

helgardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

smáar

Óska eftir þokkalegum bíl á 30 þús. til 100 þús. kr. Upplýsingar í síma 660 6080.

Nokia 3410 GSM-sími hvarf við Vallarhúsið á Torfnesi 23. júlí sl. Finnandi vinsamlegast skili honum til lögreglu eða hringi í síma 863 7418 eða 897 6795.

Óska eftir að kaupa hús í Holtahverfi á Ísafirði. Áhugasamir seljendur hafi samband við Berglindi í síma 822 8442.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78. Uppl. í símum 456 3928 og 456 4323.

Óska eftir einbýlishúsi til kaups eða leigu. Upplýsingar í síma 864 1341.

Til sölu er magaþjálfi frá Weider, ónotaður. Selst ódýrt. Uppl. í síma 865 9669.

Til sölu er grár Cherokee Ltd. jeppi árg. 1992, sjálfskiptur, ekinn 165 þús. km. Skoðaður 04. Dráttarkrókur. Góður bíll. Upplýsingar í síma 897 1111 og 895 3107.

Til sölu er lítið sem ekkert notuð Rainbow ryksuga. Uppl. í síma 456 8231 og 866 9544.

Kassavanir og sprækir kettlingar fást gefins. Uppl. í síma 456 3736, 661 1276, 868 1937.

Til sölu er lítil íbúð í Stórholti. Uppl. í síma 456 5424.

Óska eftir að kaupa notaða og ódýra bátavél, ca. 30-40 hö., má vera stærri en þarf að vera léttbyggð. Vantar einnig útblástursventil og gorm í 20 ha. Buckvél. Uppl. í símum 438 1427 og 865 6462.

Til sölu er lítið notaður, íslenskur hnakkur og beisli. Uppl. í síma 438 1428 og 865 6462.

Óska eftir að taka á leigu 2ja - 3ja herb. íbúð á Ísafirði frá og með ágúst-september. Uppl. í síma 898 4217.

Til sölu er Silver Cross barnavagn. Uppl. í síma 456 3014.

Sóló eldavél sem er kynnt með olíu fæst fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 5946 eða á Aðalgötu 31 í Súðavík.

Til sölu er nýtt, stórt, tölvuborð. Uppl. í síma 456 3686.

Til sölu er Chevrolet Camaro árg. 1981. Billinn er með 350 ci Chevrolet-vél og mikið endurnýjaður. Upplýsingar í síma 862 1849 um helgar og milli kl. 20 og 22 virka daga.

Til sölu er herriffill, Mauser 96, cal. 6,5x55, er til sýnis í Hafnarbúðinni. Upplýsingar í síma 862 4773.

Ég er 24 ára og er að leita mér að 2ja herb. íbúð á Ísafirði. Er reglusöm. Vinsamlegast hafið samband sem fyrst í síma 865 1755 eða 456 3367 (Tóta).

kirkja

Kirkjubólskirkja í Valþjófsdal:
Guðsþjónusta sunnudaginn 3. ágúst kl. 14:00.

SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 1. ágúst

16.45 Fótboltakvöld
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Anna í Grænuhlíð (3:26)
18.30 Einu sinni var...
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Walter og Henry. *(Walter and Henry)* Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2001 um feðga sem vinna fyrir sér sem götuspilarar í New York. Þegar pabbinn fær taugaáfall reynir sonurinn að hafa uppi á fjölskyldu hans. *Aðalhlutverk: John Larroquette, Nicholas Braun, James Coburn og Kate Nelligan.*
21.40 Köld eru kvennaráð. *(Dead Gorgeous)* Bresk sjónvarpsmynd frá 2002 um tvær gamlar vinkonur sem hittast aftur eftir seinni heimsstyrjöld og ákveða að koma eiginmönnum sínum fyrir kattarnef. *Aðalhlutverk: Fay Ripley og Helen McCrory.*
23.20 Nornin í Blair 2 - Skuggabókin. *(The Blair Witch 2: Book of Shadows)* Bandarísk hryllingsmynd frá 2000. Myndin er óbeint framhald The Blair Witch Project og greinir frá atvikum sem áttu sér stað í kjölfar hennar. *Aðalhlutverk: Stephen Barker og Tristen Skyler.*
00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 2. ágúst

09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Mummi bumba (31:65)
09.05 Tommi togvagn (5:26)
09.19 Engilbert (24:26)
09.30 Albertína ballerína (27:39)
09.45 Stebbi strútur (4:13)
10.03 Babar (20:65)
10.18 Gulla grallari (41:53)
10.55 Timburmenn (7:10)
11.10 Kastljósið
11.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappakstur inn á Hockenheim-brautinni í Þýskalandi.
13.00 Vélhjólasport
13.20 Út og suður (12:12)
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Enn og aftur (8:19)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Fjölskylda mín (9:13)
20.15 Póstur til þín. *(You've Got Mail)* Rómantísk gamanmynd frá 1998 um tvo bóksala sem eiga í harðri samkeppni en eru um leið í innilegu tölvupóstsambandi án þess að vita deili hvort á öðru. *Aðalhlutverk: Tom Hanks, Meg Ryan, Greg Kinnear og Parker Posey.*
22.15 Gregory og stúlkurnar. *(Gregory's Two Girls)* Bresk bíómynd frá 1999 um kennara sem lætur sig dreyma um náið samneyti við unglingsstúlkurnar sem hann kennir. *Aðalhlutverk: John Gordon Sinclair, Carly McKinnon, John Murtagh, Hugh McCue og Dougray Scott.*
00.10 Barnaby ræður gátuna. *(Midsomer Murders: Written in Blood)* Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfullt morð. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. *Aðalhlutverk: John Nettles, Daniel Casey, Jane Booker, Joanna David og Anna Massey. e.*
01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 3. ágúst

09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Otrabörnin (7:52)
09.25 Sígildar teiknimyndir (7:52)
09.32 Guffagrín (45:53)
09.55 Kobbi (71:78)
10.07 Risto (12:13)
10.15 Ungur uppfinningamaður
10.50 Vísindi fyrir alla
11.00 Timburmenn (7:10)
11.30 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum á Hockenheim-brautinni í Þýskalandi.
14.00 Út og suður (12:12)
14.25 Hlé
17.15 Maður er nefndur
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Umhverfis jörðina
18.19 Tígri (2:6)
18.25 Pabbi lögga (3:3)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Aska tangósins
20.05 Saga Forsyte-ættarinnar (7:8)
21.00 Paul McCartney á tónleikum. Í myndinni er Paul McCartney fylgt eftir á sjö vikna ferðalagi um Bandaríkin þar sem hann hélt 27 tónleika í nítján borgum.
22.30 Kosningar. *(Election)* Bandarísk bíómynd frá 1999 um sjálfumglaða stelpu sem er ein í framboði í formannskosningum í skólafélaginu þangað til einn kennara hennar blandar sér í leikinn og fær strák til að bjóða sig fram á móti henni. *Aðalhlutverk: Matthew Broderick og Reese Witherspoon.*
00.15 Kastljósið
00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2

Föstudagur 1. ágúst

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í fínu formi
12.40 Just Shoot Me (15:22)
13.05 Jag (7:25)
13.50 The Agency (14:22)
14.40 Thieves (8:10)
15.25 Tónlist
16.00 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Dark Angel (7:21)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Friends 6 (23:24)
20.00 The Simpsons (5:22)
20.25 George Lopez (16:28)
20.50 Bernie Mac (6:22)
21.20 Hidden Hills (6:18)
21.45 Just Shoot Me (21:22)
22.15 The Man Who Sued God. *(Maðurinn sem stefndi Guði)* Dramatísk gamanmynd. Steve Myers var skrambi góður lögfræðingur en svo sneri hann við blaðinu og gerðist fiskimaður. Allt gengur vel þar til dag einn að mikið óveður skellur á. Elding eyðileggur bát Myers og tryggingarnar neita að bæta tjónið. Myers er afar ósáttur og ákveður að sækja til saka þann sem olli eyðileggingunni, Guð almáttugan. *Aðalhlutverk: Billy Connolly, Judy Davis, Colin Friels, Wendy Hughes.*
23.55 Any Given Sunday. *(Sunnudagsleikurinn)* Raunsönn kvikmynd um lífið í ameríska fótboltanum, utan vallar sem innan. Tony D´Amato er gamalreyndur jaxl í þessum bransa. Hann þjálfar nú lið í Miami og leggur allt í sölurnar til að ná árangri. Sigurlíkurnar eru ekki miklar enda besti leikmaðurinn frá vegna meiðsla. En þrátt fyrir dökkt útlit er þjálfarinn ekki tilbúinn að leggja árar í bát. *Aðalhlutverk: Al Pacino, Cameron Diaz, James Woods.*
02.25 Poirot - Lord Edgeware Dies. *(Poirot - Dauði lávarðar)* Dularfull sjónvarpsmynd þar sem gamlir kunningjar koma við sögu. Edgeware lávarður er myrtur og grunurinn beinist að eiginkonu hans, leikkonunni Jane, en hún hafði áður óskað eftir skilnaði. Hercule Poirot rannsakar málið og kemst að ýmsu forvitnilegu. *Aðalhlutverk: David Suchet, Hugh Fraser, Philip Jackson, Pauline Moran.*
04.05 Friends 6 (23:24)
04.30 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 2. ágúst

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.50 Beethoven´s Third
11.30 Yu Gi Oh (32:48)
12.00 Bold and the Beautiful
13.40 Football Week UK
14.05 Afleggjarar - Þorsteinn J. (7:12)
14.30 Diana Krall - Live in Paris
15.30 Taken (2:10)
16.55 Monk (11:12)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Friends 6 (24:24)
19.30 Whispers: An Elephant´s Tale. *(Saga fílsins)* Kvikmynd fyrir alla fjölskylduna. Hún segir frá fíl og uppvexti hans í frumskóginum, en þar eru hættur við hvert horn. Mesta ógnin stafar af mannfólkinu sem engu eirir. Um leikraddir sjá m.a. Angela Bassett, Joanna Lumley, Anne Archer og Joan Rivers. *Aðalhlutverk: Angela Bassett, Anne Archer, Joanna Lumley, Debi Derryberry.*
20.45 Gosford Park. Gamansöm glæpasaga. McCordle-fjölskyldan býður til mannfagnaðar á sveitasetri sínu í Englandi árið 1932. Húsbóndinn William er velgjörðarmaður margra sem mættir og flestir vilja meira af auðæfum gestgjafans. En hversu langt er fólk tilbúið að ganga til að koma ár sinni vel fyrir borð? Er kannski hætta á að einhver gangi of langt? *Aðalhlutverk: Kristin Scott Thomas, Maggie Smith, Michael Gambon.*
23.05 An Innocent Man. *(Saklaus maður)* Spennumyd um flugvirkjann Jimmie sem verður fyrir barðinu á tveimur mútuþægum þrjótum frá fíkniefnalögreglunni. Þeir svífast einskis og leggja líf hans í rúst með óheiðarleika sínum. *Aðalhlutverk: F. Murray Abraham, Tom Selleck.*



Gosford Park er gamansöm glæpasaga frá árinu 2001 með Kristin Scott Thomas, Maggie Smith og Michael Gambon í aðalhlutverkum. McCordle-fjölskyldan býður til mannfagnaðar á sveitasetri sínu á Englandi árið 1932. Húsbóndinn William er velgjörðarmaður margra sem þangað eru mættir og flestir vilja meira af auðæfum gestgjafans. En hversu langt er fólk tilbúið að ganga til að koma ár sinni vel fyrir borð? Er kannski hætta á að einhver gangi of langt? Myndin var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna. Myndin er sýnd á Stöð 2 kl. 20:45 á laugardagskvöld.

00.55 Raging Bull. *(Hnefaleikakappinn)* Erfiðasti andstæðingur hnefaleikakappans Jakes Lamotta var hann sjálfur. Mögnuð mynd Martins Scorsese sem er ein sú besta sem gerð hefur verið. *Aðalhlutverk: Joe Pesci, Robert De Niro, Cathy Moriarty.*
03.00 Gunfight at the O.K. Corral. *(Byssubardaginn)* Wyatt Earp er lögreglustjóri í villta vestrinu á 19. öld sem eltist við alls kyns skúrka. Einn þeirra er tannlæknirinn Doc Holliday sem nú er forhertur fjárhættuspilari. En þegar Earp kemur Holliday til bjargar breytist viðhorf þess síðarnefnda. Í sameiningu ráðast þeir til atlögu gegn hinu harðsvíraða Clanton-glæpagengi. Byssubardagi er háður við O.K. Corral og verður lengi í minnum hafður. *Aðalhlutverk: Burt Lancaster, Kirk Douglas, Rhonda Fleming, Jo Van Fleet.*
05.00 Friends 6 (24:24)
05.25 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 3. ágúst

08.00 Barnatími Stöðvar 2
11.30 Mótorsport 2003
12.00 Neighbours
13.50 60 mínútur
14.35 The Osbournes (4:10)
15.00 Alley Cats Strike
16.25 Í návist kvenna
16.50 Strong Medicine (10:22)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Friends 7 (1:24)
19.30 The Job (5:19)
19.55 Monk (12:12)
20.45 Taken (3:10)
22.15 Thirteen Ghosts. *(Þrettán draugar)* Bráðskemmtileg hryllingsmynd. Arthur Kriticos dettur í lukkupottinn þegar frændi hans fellur frá. Arthur erfir hús frændans og það er ekkert hreysi. En ánægjan varir ekki lengi því á daginn kemur að undarlegar verur eru á sveimi í húsinu og á þeim er ekkert fararsnið. *Aðalhlutverk: Tony Shalhoub, Matthew Lillard, Shannon Elizabeth, F. Murray Abraham, Embeth Davidtz.*
23.45 Center Stage. *(Í sviðsljósinu)* Þessi dramatíska mynd fjallar um tólf unga dansara sem komust inn í Ameríska ballettskólann eftir erfið inntökupróf. Þetta er þó einungis byrjunin því öll eiga þau í innbyrðis samkeppni um að komast í eftirsóttan ballettflokk. Þetta reynist ekki þrautalaust og stefnir vináttunni í voða. Þau læra fljótt að lífið er engin leikur og hæfileikarnir einir og sér koma manni ekki endilega á áfangastað. Það gerist nefnilega ýmislegt bak við tjöldin. *Aðalhlutverk: Amanda Schull, Ethan Stiefel.*
01.35 Cider House Rules. *(Reglur hússins)* Fjögurra stjarna meistaraverk. Homer Wells elst upp á munaðarleysingjahæli í Maine í Bandaríkjunum. Hann er mikill efnispiltur sem kemst undir verndarvæng Wilburs Larch læknis. Wilbur kennir Homer margt um töfra læknisfræðinnar en pilturinn er haldinn útþrá og vill sjá hvað veröldin hefur upp á bjóða. *Aðalhlutverk: Tobey Maguire, Charlize Theron, Delroy Lindo, Michael Caine.*
03.35 Friends 7 (1:24)
03.55 Tónlistarmyndbönd

SÝN

Föstudagur 1. ágúst

16.45 Amsterdam Tournament 2003. Bein útsending frá leik ***Galatasaray*** og ***Inter Milan***.
19.00 Amsterdam Tournament 2003. Bein útsending frá leik ***Ajax*** og ***Liverpool***.
21.15 Football Week UK
21.45 Íslensku mörkin
22.15 Champions World. Útsending frá leik ***Manchester United*** og ***Juventus***.
00.20 Amsterdam Tournament 2003. Útsending frá leik ***Galatasaray*** og ***Inter Milan***.
02.25 Amsterdam Tournament 2003. Útsending frá leik Ajax og Liverpool.
04.30 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 2. ágúst

16.00 Trans World Sport
17.00 Toppleikir
18.50 Lottó
19.00 Nash Bridges IV (18:24)
20.00 MAD TV. *(MAD-rásin)* Geggjaður grínþáttur þar sem allir fá það óþvegið. Þátturinn dregur nafn sitt af samnefndu skopmyndablaði sem notið hefur mikilla vinsælda.
21.00 Brooklyn State of Mind, A. *(Saga úr Brooklyn)* Al Stanco hefur búið alla sína ævi í Brooklyn og framfleytir sér með því að sinna skítverkum fyrir mafíuforingjann Danny Parente. Al kynnist Gabrielu sem er að gera heimildamynd um Brooklyn. Hann kemst svo að raun um að hún er að safna sönnunargögnum á hendur Parente. Al bregst ókvæða við en það renna á hann tvær grímur þegar sönnunargögnin benda til að Parente tengist morðinu á föður Als. *Aðalhlutverk: Danny Aiello, Vincent Spano, Maria Grazia Cucinotta, Tony Danza.*
22.30 Oscar de la Hoya - Campas. Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mættust voru gulldrengurinn Oscar de la Hoya og Yory Boy Campas en í húfi var heimsmeistaratitill WBA- og WBC-sambandanna í veltivigt (súper). Áður á dagskrá 3. maí
00.25 Vixen. Erótísk kvikmynd. Stranglega bönnuð börnum.
01.50 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 3. ágúst

16.15 Amsterdam Tournament 2003. Bein útsending frá leik ***Liverpool*** og ***Galatasaray***.
18.30 Amsterdam Tournament 2003. Bein útsending frá leik ***Ajax*** og ***Inter Milan***.
20.50 US PGA Tour 2003
21.50 European PGA Tour 2003
22.50 Amsterdam Tournament 2003.

SPORTIÐ Í BEINNI...

Sjónvarpið

Laugardagur 2. ágúst kl. 11:50
Formúla 1: Bein útsending frá tímatökunni í Þýskalandi
Sunnudagur 3. ágúst kl. 11:30
Formúla 1: Bein útsending frá keppninni í Þýskalandi.

Sýn

Miðvikudagur 30. júlí kl. 19:00
Landsbankadeildin: ÍA – KR
Miðvikudagur 30. júlí kl. 24:00
Champions World: Manchester United – Juventus
Föstudagur 1. ágúst kl. 16:45
Amsterdam-mótið: Galatasaray – Inter Milan
Föstudagur 1. ágúst kl. 19:00
Amsterdam-mótið: Ajax – Liverpool
Sunnudagur 3. ágúst kl. 16:15
Amsterdam-mótið: Liverpool – Galatasaray
Sunnudagur 3. ágúst kl. 18:30
Amsterdam-mótið: Ajax – Inter Milan
Sunnudagur 3. ágúst kl. 00:50
Champions World: Manchester United – Barcelona

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Siglingadagur fjölskyldunnar vel sóttur

Aðstandendur Siglingadaga á Ísafirði segja Siglingadag fjölskyldunnar hafa tekist vel en fjöldi fólks lagði leið sína niður á höfn á sunnudag frá 11 og fram eftir degi. Rúnar Óli Karlsson, atvinnu- og ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar og seglbáta-áhugamaður, segir fjölmarga hafa nýtt tækifærið til að prufa að sigla fjölbreyttum fleyum. „M.a. var boðið upp á kajaka, skútur, seglbáta, sjóskíði og hjólabáta. Síðan voru Zodiac-bátar notaðir bæði til að taka rúnt með fólk um Pollinn og eins til að ferja það út í skúturnar“, segir Rúnar. Morrinn, atvinnuleikhús ungs fólks í Ísafjarðarbæ, skemmti viðstöddum. Boðið var upp á grillaðar pylsur og gos. „Þetta tókst mjög vel. Við fengum smá byr fyrir bátana en ekki meira en svo að það var alveg hægt að setja krakkana út án þess að hafa miklar áhyggjur af þeim“, sagði Rúnar. Starfsmenn Ísafjarðarhafnar fengu að láni frá Rörtækni flotbryggju sem var smíðuð þar. Var hún lögð út í fjörunni neðan við Neðstakaupstað í samvinnu ýmissa aðila en nauðsynlegum búnaði til verksins var safnað saman úr mörgum áttum.

kristinn@bb.is

Áhorfendur fylgjast með skemmtuninni á Pollinum.

Útsending frá leik Liverpool og Galatasaray.
00.50 Champions World. Bein útsending frá leik ***Manchester United*** og ***Barcelona***.
03.00 Dagskrárlok og skjáleikur

SKJÁREINN

Föstudagur 1. ágúst

18:30 Hjartsláttur á ferð og flugi (e) Þær Þóra og Maríkó eru mættar til leiks á ný og nú er landið allt undir!
19:30 Charmed
21:00 According to Jim
21:30 The Drew Carey Show. Magnaðir gamanþættir um Drew Carey sem býr í Cleveland, vinnur í búð og á þrjá furðulega vini og enn furðulegri óvini.
22:00 Hljómsveit Íslands (e) Hljómsveit Íslands er glænýr þáttur á dagskrá SKJÁSEINS. Í honum er fylgst með hinn svokölluðu Gleðisveit Ingólfs, en Ingólfur þessi á sér það markmið eitt í lífinu að gera stjörnur úr strákunum í bandinu. Og við fáum að fylgjast með því hvernig honum gengur.
22:30 The King of Queens (e) Doug Heffermann sendibílstjóra sem þykir fátt betra en að borða og horfa á sjónvarpið með elskunni sinni verður fyrir því óláni að fá tengdaföður sinn á heimilið en sá gamli er uppátækjasamur með afbrigðum og verður Doug að takast á við afleiðingar uppátækjanna.
23:00 NÁTTHRAFNAR
23:01 The Drew Carey Show (e) Magnaðir gamanþættir um Drew Carey sem býr í Cleveland, vinnur í búð og á þrjá furðulega vini og enn furðulegri óvini.
23:25 Titus (e)
23:50 Powerplay (e)
00:30 Law & order: Criminal Intent
01:15 Law & Order SVU (e) Bandarískir sakamálaþættir með New York sem sögusvið. Þættirnir eru tvískiptir; í fyrri hlutanum er fylgst með lögreglumönnum við rannsókn mála og er þar hinn gamalreyndi Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brösuglega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá.

Laugardagur 2. ágúst

15:00 Jay Leno (e) Jay Leno er ókrýndur konungur spjallþáttanna. Leno leikur á alls oddi í túlkun sinni á heimsmálunum og engum er hlíft. Hann tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal og býður upp á góða tónlist í hæsta gæðaflokki. Þættirnir koma glóðvolgir frá NBC - sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum.
15:45 Jay Leno (e)
16:30 Dateline (e) Dateline er margverðlaunaður, fréttaskýringaþáttur á dagskrá NBC sjónvarpsstöðvarinnar í Bandaríkjunum. Þættirnir hafa unnið til fjölda viðurkenninga og eru nær alltaf á topp 20 listanum í Bandaríkjunum yfir áhorf í sjónvarpi. Stjórnendur þáttarins eru allir mjög þekktir og virtir fréttamenn eins og Tom Brokaw, Stone Phillips og Maria Shriver.
17:30 The Wildest Police Videos (e) Í The World's Wildest Police Videos eru sýndar myndbandsupptökur sem löggæslumenn víða um heim hafa sankað að sér. Upptökurnar eru engu líkar, enda veruleikinn oftast mun ótrúlegri en skáldskapurinn.
18:30 48 Hours (e) Dan Rathers hefur umsjón með þessum margrómaða fréttaskýringaþætti frá CBS sjónvarpsstöðinni. Í 48 Hours er fjallað um athyglisverða viðburði líðandi stundar með ferskum hætti.
19:20 Guinness World Records Heimsmetaþáttur Guinness er eins og nafnið bendir til byggður á heimsmetabók Guinness og kennir þar margra grasa. Þátturinn er spennandi, forvitnilegur og stundum ákaflega undarlegur. Ótrúleg afrek fólks af ólíku sauðahúsi eða einfaldlega sauðheimskt fólk.
21:00 Law & order: Criminal Intent
21:40 Bob Patterson (e)
22:00 Law & Order SVU (e) Bandarískir sakamálaþættir með New York sem sögusvið. Þættirnir eru tvískiptir; í fyrri hlutanum er fylgst með lögreglumönnum við rannsókn mála og er þar hinn gamalreyndi Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brösuglega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá.
22:50 Traders (e) Í kanadísku framhaldsþáttaröðinni um Traders er fylgst með starfsfólki fjármálafyrirtækis, sem á köflum teflir heldur djarft í viðskiptum sínum. Þeim er ekkert heilagt, og þeim er sama hvað um þig verður, en þeim er afar annt um peningana þína...
23:40 The Drew Carey Show (e) Magnaðir gamanþættir um Drew Carey sem býr í Cleveland, vinnur í búð og á þrjá furðulega vini og enn furðulegri óvini.
00:10 NÁTTHRAFNAR
00:11 The Drew Carey Show (e) Magnaðir gamanþættir um Drew Carey sem býr í Cleveland, vinnur í búð og á þrjá furðulega vini og enn furðulegri óvini.
00:35 Titus (e)
01:00 Powerplay (e)
01:40 Law & order: Criminal Intent

Sunnudagur 3. ágúst

15:00 Jay Leno (e) Jay Leno er ókrýndur konungur spjallþáttanna. Leno leikur á alls oddi í túlkun sinni á heimsmálunum og engum er hlíft. Hann tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal og býður upp á góða tónlist í hæsta gæðaflokki. Þættirnir koma glóðvolgir frá NBC - sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum.
15:45 Jay Leno (e)
16:30 Brúðkaupsþátturinn Já (e) Elín María Björnsdóttir hefur umsjón með hinum sívinsæla Brúðkaupsþætti, sem er á dagskrá SKJÁSEINS á þriðjudagskvöldum, þriðja sumarið í röð.
17:30 Boston Public (e)
18:15 Law & Order (e) Bandarískir sakamálaþættir með New York sem sögusvið. Þættirnir eru tvískiptir; í fyrri hlutanum er fylgst með lögreglumönnum við rannsókn mála og er þar hinn gamalreyndi Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brösuglega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá.
19:00 Mótor - sumarsport (e) Í Mótor - sumarsport er fjallað um fjölbreyttar tegundir mótoríþrótta.
19:25 Baby Bob (e)
19:50 According to Jim (e)
20:15 The Drew Carey Show (e)
20:35 The King of Queens (e) Doug Heffermann sendibílstjóra sem þykir fátt betra en að borða og horfa á sjónvarpið með elskunni sinni verður fyrir því óláni að fá tengdaföður sinn á heimilið en sá gamli er uppátækjasamur með afbrigðum og verður Doug að takast á við afleiðingar uppátækjanna.
21:00 48 Hours. Dan Rathers hefur umsjón með þessum margrómaða fréttaskýringaþætti frá CBS sjónvarpsstöðinni.
22:00 Traders
22:50 Hjartsláttur á ferð og flugi (e)
23:40 Hljómsveit Íslands (e) gengur.
00:10 NÁTTHRAFNAR
00:11 The Drew Carey Show (e)
00:35 Titus (e)
01:00 Powerplay (e)

skemmtun.com skemmtun.com
Hvað er að ske? Á helginni
1. ágúst - 4. ágúst.

Velkomin á Unglingalandsmót UMFÍ

Hlaðborð á Pizza 67
Mogunverðarhlaðborð föstudag - mánudag.
frá 07.00 - 11.00
Súpu-, pizzu- og pastahlaðborð alla dagana.
frá 11.30 - 22.00
ásamt matseðli hússins.

Hlaðborð í Krúsinni
Flott 8 rétta fjölskylduhlaðborð ásamt meðlæti á góðu verði......
Fullorðnir borga 1800.-
12 ára og yngri borga hálft gjald
5 ára og yngri frítt
föstudag - laugardag og sunnudag
frá 17.00 - 22.00

DANSLEIKIR

FÖSTUDAGSKVÖLD
SJALLINN
Hljómsveitin BER
KRÚSIN
PÖBB + DISKÓ

LAUGARDAGSKVÖLD
SJALLINN
Hljómsveitin Á MÓTI SÓL
KRÚSIN
Hljómsveitin GABRÍEL

SUNNUDAGSKVÖLD
SJALLINN
Hljómsveitin Á MÓTI SÓL
KRÚSIN
Hljómsveitin GABRÍEL

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Austlæg átt, 5-10 m/s og rigning sunnan- og austanlands, en annars skýjað og þurrt að kalla. Lægir og rofar til sunnanlands síðdegis. Hiti 12-18 stig, hlýjast vestanlands.
Horfur á föstudag:
Norðaustan 8-13 m/s norðvestantil, en annars hægari. Rigning norðan- og austantil, en skýjað og þurrt að mestu suðvestantil. Hiti 10-18 stig, hlýjast suðvestantil.
Horfur á laugardag:
Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt og víða skúrir eða dálítil rigning. Hiti breytist lítið.
Horfur á sunnudag:
Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt og víða skúrir eða dálítil rigning. Hiti breytist lítið.
Horfur á mánudag:
Suðvestlæg átt og skúrir. Lítið eitt kólnandi.

afmæli

Í tilefni af 50 ára afmælum okkar 11. maí og 8. ágúst 2003 bjóðum við vinum og velunnurum til móttöku í Edinborgarhúsinu sunnudaginn 3. ágúst kl. 20-22.
Guðrún Guðmannsdóttir, Bjarni Jóhannsson.

Fasteignaviðskipti
TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL.
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is
Heimasíða: www.bb.is/tg

Vantar eignir á skrá

[illegible]
Hlíðarvegur 42: 183,2 m² raðhús á þremur hæðum, með sér íbúð í kjallara. **Tilboð óskast**
Móholt 2: 141,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð 13,2 m.kr.**
Smiðjugata 12: 83 m² gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt garði og tilheyrandi eignarlóð. **Tilboð óskast**
[illegible]
Engjavegur 15: 122 m² 5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 9,5 m.kr.**
Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur af svölum. **Verð 9,5 m.kr.**
Stórholt 7: 116 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 8 m.kr.**
[illegible]
Fjarðarstræti 55: 97,73 m² rúmgóð íbúð á 2. hæð í til hægri í fjölbýlishúsi. **Tilboð óskast**
Hlíðarvegur 16: 54,8 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi). Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
Stórholt 13: 79 m² íbúð á 3.h.f.m. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**
Túngata 20: glæsileg íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu, íbúð í toppstandi. **Tilboð óskast**
[illegible]
Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Verð 5,8 m.kr.**
Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Verð 4,9 m.kr.**
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**
Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 4,6 m.kr.**
Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. **Laus strax. Verð 6,3 m.kr.**
Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**
Túngata 3: 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt risloft. **Verð 4,5 m.kr.**
[illegible]
Sindragata 11: 2440 m² atvinnuhúsnæði á 2 hæðum á hafnarsvæðinu. Auðvelt að skipta húsinu í margar einingar og nú þegar er margháttuð starfsemi þar. Eftir er að innrétta efri hæð hússins. **Verð 40 m.kr.**
Sindragata 14: 160 m² nýlegt iðnaðarhúsnæði með hita í gólfum. Stór rafknúin millihurð. Skrifstofuherbergi í enda hússins. Möguleiki á að gera efri hæð í öllu rýminu. **Verð 8 m.kr.**
Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. **Verð 25 m.kr.**
Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaðar í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum. **Tilboð óskast**
Nuddstofa: Nudd-, dekur- og sólbaðsstofa með leiguaðstöðu í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö snyrtitæki, sogæðanuddtæki, Turbo ljósabekkur o.fl. **Tilboð óskast**
[illegible]
Stigahlíð 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar:
www.bb.is/tg

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Konráð Eggertsson skipstjóri á Halldóri Sigurðssyni ÍS

Kom með sex hákarla

Halldór Sigurðsson ÍS kom að landi á Ísafirði á fimmtudag í síðustu viku sex hákarla alls um 3,5 tonn sem fer til verkunar hjá Guðmundi Óskarssyni. „Við erum bara að hugsa til næstu þorrablóta, að menn fái eitthvað að borða. Við vildum líka veiða hrefnu fyrir fólk, en bara megum það ekki“, segir Konráð Eggertsson, skipstjóri á Halldóri Sigurðssyni. „Við vorum þrjá daga að veiða þessa sex hákarla. Við lögðum línu, drógum hana og beittum aftur með rommlegnu selkjöti. Hákarlinn fékkst langt frá landi, við fórum alveg 50 mílur norðaustur af horni. Síðan vorum við líka að veiða vestur af Hala og fórum allt norður í Húnaflóa.“ Konráð segir athugunarvert hvað

Hákarlarnir hífðir upp á vörubílspall. *Ljósmynd: Þorsteinn J. Tómasson.*

hafi fundist inni í hákörlunum. „Það var lax í hverjum einasta hákarli, en líka þorskur og steinbítur“, sagði Konráð Eggertsson. *–halfdan@bb.is*

Nauðgunarkæra í Bolungarvík

Meintir gerendur neita allri sök

Allir þrír meintir gerendur sem kærðir voru fyrir kynferðislega misneitingu konu í Bolungarvík í síðustu viku neita sök. Konan er um tvítugt og mennirnir eru á svipuðu reki.

Verknaðurinn á að hafa átt sér stað í húsi í Bolungarvík aðfararnótt 13. júlí s.l. en vegna ölvunar hafi hún ekki getað spornað við honum. Fimm dögum eftir atvikið leitaði hún til neyðarmóttöku í Reykjavík fyrir þolendur kynferðisbrota og lagði í framhaldinu fram kæru hjá lögreglunni í Reykjavík.

Að lokinni skýrslutöku í Reykjavík var málið sent til lögreglunnar í Bolungarvík sem hefur tekið skýrslur af vitnum og meintum gerendum. Að rannnsókn lokinni verður málið sent embætti ríkissaksóknara.

kristinn@bb.is

Forsvarsmenn Unglingalandsmóts Íslands sem haldið verður á Ísafirði um verslunarmannahelgina

Ósáttir við innheimtu löggæslukostnaðar

Sýslumaðurinn á Ísafirði krefur Ungmennafélag Íslands um 500 þúsund króna greiðslu vegna löggæslukostnaðar við Unglingalandsmót félagsins sem haldið verður á Ísafirði um verslunarmannahelgina.

„Okkur finnst þetta verulega ósanngjarnt. Það hefur aldrei gerst áður að menn þurfi að greiða lögreglunni sérstaklega fyrir löggæslu til að fá að halda íþróttamót. Íþróttahreyfingin fylgist grannt með því sem er að gerast því þetta er fordæmisgefandi fyrir allt mótshald í framtíðinni“, sagði Jón Pétur Róbertsson framkvæmdastjóri ULM 2003.

Nokkuð misjafnt virðist vera hversu stórar fjárhæðir aðstandendur hátíða þurfa að greiða til lögreglunnar vegna komandi verslunarmannahelgi.

Sem dæmi má nefna að samkvæmt fréttum Ríkisútvarpsins er löggæslukostnaður vegna tónleika á Skagaströnd um ein milljón króna og aðstandendur bindindismótsins í Galtalæk munu þurfa að greiða svipaða upphæð. Á Akureyri verður hátíðin „Ein með öllu“ haldin í þriðja sinn en einnig verða Stuðmenn á staðnum með sína eigin hátíð. RÚV segir mótshaldara þar ekki þurfa að greiða löggæslukostnað en ÍBV þarf að borga 4 milljónir vegna Þjóðhátíðar í Eyjum. *– kristinn@bb.is*

Ljósmyndasamkeppni Bókhlöðunnar, Nýherja og bb.is

Arnar Þór sigraði

Liðlega áttatíu myndir bárust í ljósmyndasamkeppni Bókhlöðunnar á Ísafirði, Nýherja og bb.is sem nú er nýlokið. Viðfangsefni eða þema keppninnar var „Augnablik“. Dómnefnd hefur lokið vandasömu starfi og fyrstu verðlaunin, sem eru vandaður Canon myndskanni, hlýtur Arnar Þór Gunnarsson fyrir mynd sem nefnist *Girnilegt* og er tekin í kjallara Gamla apóteksins á Ísafirði.

Önnur verðlaun sem eru árs áskrift að Bæjarins besta hlýtur Bragi J. Ingibergsson fyrir myndina *Á leið undir regnboga* en þriðju verðlaun sem eru stækkun á ljósmynd ásamt ramma fær Armelle Decaulne fyrir myndina *Fuglar*. Í dómnefnd sátu Halldór Sveinbjörnsson, Hrafn Snorrason og Tóbías Sveinbjörnsson. Innsendar myndir má allar skoða á Ljósmyndavef bb.is. Þess er að vænta að ný lota í ljósmyndakeppni bb.is hefjist innan tíðar. *–halfdan@bb.is*

Girnilegt. **Verið að leika sér með myndavél, rjóma og jarðaber.** ***Ljósmynd: Arnar Þór Gunnarsson.***

Á leið undir regnbogann. **Tekin í Breiðholtinu á fallegum rigningardegi.** ***Ljósmynd: Bragi J. Ingibergsson.***

Fuglar. **Á flugi yfir Skutulsfirði.** ***Ljósmynd: Armelle Decaulne.***